



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun Póst- og  
fjarskiptastofnunar nr. 13/2007  
varðandi viðmiðunartilboð Símans hf., útgáfa  
3.4., um samtengingu talsímaneta og  
verðskrárbreytingar á samtengingargjöldum.**

Reykjavík, 25. júlí 2007

## Efnisyfirlit

1.0	Inngangur .....	3
2.0	Meginefni viðmiðunartilboðsins .....	6
2.1	Almennar athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðmiðunartilboðið .....	6
2.2	Almennar athugasemdir Símans .....	8
2.3	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	8
3.0	Athugasemdir um einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins .....	10
3.1	Grein 1.4. Breytingar á samningi, grein 1.5. Uppsögn .....	10
3.1.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	10
3.1.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	12
3.2	Grein 1.7. Skilgreiningar .....	15
3.2.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	15
3.2.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	15
3.3	Grein 2.2. Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig .....	16
3.3.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	16
3.3.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	16
3.4	Grein 2.3 Tilkynningar vegna bilana .....	16
3.4.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	16
3.4.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	16
3.5	Grein 3.1. Samtengingarsvæði og samtengingarpunktar .....	17
3.5.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	17
3.5.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	18
3.6	Grein 3.2 og 3.3. samtengingarsambönd og samtengingarumferð .....	18
3.6.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	18
3.6.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	19
3.7	Grein 3.4. Pöntun á þjónustu .....	19
3.7.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	19
3.7.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	19
3.8	Grein 3.5. Áætlanir .....	19
3.8.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	19
3.8.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	20
3.9	Grein 3.6. Viðurlög og frávik frá áætlunum .....	21
3.9.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	21
3.9.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	21
3.10	Grein 3.7. Breytingar í símsstöðvum .....	21
3.10.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	22
3.10.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	22
3.11	Grein 3.8. Tæknilegir skilmálar og hæfi .....	22
3.11.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	22
3.11.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	23
3.12	Grein 4.1.1. Samtengingarumferð .....	23
3.12.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	23
3.12.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	23
3.13	Grein 4.1.2 Tengingargjöld, 4.1.3 Leigulínur og 4.1.4. Kostnaðardeiling .....	24
3.13.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	25
3.13.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	26
3.14	Grein 5.1.1. Uppgjörstímabil .....	28
3.14.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	28

3.14.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	28
3.15	Grein 5.1.5. Skýrslur um samtengingarumferð.....	28
3.15.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	29
3.15.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	29
3.16	Grein 5.2.1. Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna samtengingarumferðar .....	29
3.16.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	29
3.16.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	30
3.17	Kafli 6 Vanefndir .....	30
3.17.1	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	30
3.18	Kafli 9 Þagnarskylda.....	30
3.18.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	31
3.18.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	31
3.19	Kafli 12 Breytingar á samningnum.....	31
3.19.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	31
3.19.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	31
3.20	Kafli 14 Lögsaga og úrlausn ágreiningsefna .....	31
3.20.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	32
3.20.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	32
4.0	Samtengingargjöld .....	32
4.1	Rökstuðningur Símans fyrir hækkun á samtengingargjöldum.....	32
4.2	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	35
4.3	Athugasemdir Símans, dags. 19. júlí 2007 .....	36
4.4	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	37
4.4.1	Um verðbreytingar án undangengnar markaðsgreiningar.....	37
4.4.2	Forsendur verðbreytinga Símans .....	37
4.5	Niðurstaða.....	44
5.0	Önnur atriði.....	45

# 1.0 Inngangur

Þann 26. október 2005, birti Síminn nýtt viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta, (Reference Interconnection Offer). Með bréfi, dags. 30. nóvember 2005, tilkynnti Síminn að hann hafði gert breytingar á hinu áður birta viðmiðunartilboði.

Með bréfi, dags. 3. nóvember 2005, óskaði Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) eftir umsögnum frá skráðum fjarskiptafyrirtækjum um efni viðmiðunartilboðsins.

Alls bárust athugasemdir frá þremur skráðum fjarskiptafyrirtækjum, Dagsbrún, nú Og fjarskipti ehf. (Vodafone), dags. 10. janúar og 24. mars 2006, Atlassíma, dags. 8. janúar 2006 og IP fjarskiptum, dags. 10. janúar og 29. mars 2006.

Með bréfi dags 31. maí 2006 tilkynnti Síminn viðsemjendum sínum sem og Póst- og fjarskiptastofnun að fyrirtækið hafi birt nýja útgáfu af viðmiðunartilboðinu á heimasíðu sinni (útgáfa merkt 3.3) með gildistöku þann 1. júlí 2006. Í hinni nýju útgáfu hafi Síminn tekið tillit til nokkurra af þeim athugasemdum sem bárust frá þeim fjarskiptafyrirtækjum sem skiluðu inn umsögn um efnisatriði tilboðsins sem birt var þann 26. október 2005 og breytt með bréfi dags. 30. nóvember 2005.

Verður nú gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust eftir því sem ástæða er til sem og þeim skýringum sem fengjust hjá Símanum með bréfum, dags. 8. mars og 6. apríl 2006 varðandi einstaka liði.

Þann 27. apríl 2007, tilkynnti Síminn um verðbreytingar á viðauka 1a, verðskrá fyrir samtengingarþjónustu Símans og breytingar á 4. kafla sammingsins þar sem fyrirtækið slakar á kröfum til að kostnaði við leigulínur og strauma verði skipt milli Símans og viðsemjanda. Útgáfa viðmiðunartilboðsins með þessum breytingum er merkt 3.4. Verður sú útgáfa lögð til grundvallar í ákvörðun þessari.

Til hægðarauka verður umfjöllun skipt niður á eftirfarandi hátt:

*Í fyrsta lagi* verður gerð grein fyrir almennum athugasemdum fyrirtækjanna um viðmiðunartilboðið og gerð grein fyrir sjónarmiðum Póst- og fjarskiptastofnunar. *Í öðru lagi* verður gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust varðandi einstaka liði viðmiðunartilboðsins, skýringar Símans sem og sjónarmið Póst- og fjarskiptastofnunar. *Í þriðja lagi* verður fjallað um tilkynnta breytingu Símans samtengingargjöldum, frá 27. apríl 2007.

## 1.1. Heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar

Þann 5. apríl 2005, birti Póst- og fjarskiptastofnun Landssíma Íslands hf. (nú Síminn hf.) yfirlit yfir “*Kvaðir á Landssíma Íslands hf. varðandi aðgang og samtengingu*”  
Í inngangsorðum kvaðanna kemur eftirfarandi fram:

*“Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða nr. II í lögum um fjarskipti nr. 81/2003, hefur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að eftirtalin ákvæði úr rekstarleyfi Landssíma Íslands hf. (hér eftir nefnt fyrirtækið), sem fela í sér kvaðir varðandi aðgang og*

samtengingu, skuli gilda áfram þar til endurskoðun kvaða hefur farið fram að lokinni markaðsgreiningu samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Auk þessara ákvæða gilda áfram allar kvaðir varðandi aðgang og samtengingu sem giltu gagnvart fyrirtækinu í gildistíð laga um fjarskipti nr. 107/1999, þó þeirra væri ekki getið sérstaklega í leyfisbréfinu. Kvaðirnar gilda þar til Póst- og fjarskiptastofnun hefur birt endanlegar ákvarðanir um álagningu kvaða í kjölfar markaðsgreiningar fyrir viðkomandi markaði.”

Í 3. gr. kvaðanna er eftirfarandi ákvæði um samtengingarskilmála:

“Fyrirtækið skal birta sundurliðaða skilmála í samræmi við ákvæði ONPCOM98-11bis og gjaldskrá vegna samtenginga við net sitt. Skilmála þessa og gjaldskrá skal senda Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Póst- og fjarskiptastofnun getur óskað eftir að sýnt sé fram á að gjöld byggist á raunkostnaði, þar með talin eðlileg arðsemi af fjárfestingunni, og í einstökum tilfellum krafist breytinga á gjaldskrá og skilmálum.

Fyrirtækið skal senda Póst- og fjarskiptastofnun afrit af öllum samningum um samtengingu. Afritið skal berast innan viku frá undirritun samnings. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að birta öllum hagsmunaaðilum upplýsingar um efni samnings eða samninginn í heild sinni. Telji fyrirtækið að einhverjir hlutar samnings skuli vera undanþegnir birtingu vegna viðskiptahagsmuna samningsaðila ber að tilkynna það og rökstyðja um leið og afrit samningsins er sent. Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hvaða hlutar samnings skuli birtir.”

Ofangreint ákvæði var áður í leyfisbréfi Landsíma Íslands hf. sem útgefið var þann 30. júlí 1998 og endurútgefið 5. júní 2001 á grundvelli fjarskiptalaga nr. 107/1999. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í núgildandi fjarskiptalögum, var skylt að breyta fjarskiptaleyfum sem í gildi voru til samræmis við hin nýju lög.

Þetta þýðir að réttarástandið eins og það var fyrir gildistöku núgildandi fjarskiptalaga er í fullu gildi að því er varðar skyldu Símans til birtingar viðmiðunartilboðs sem félags með umtalsverða markaðshlutdeild á þessum markaði. Í 26. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 var skyldu fyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild lýst á eftirfarandi hátt:

“Fyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptaþjónustu á sviði talsíma í fastaneti og leigulína og njóta umtalsverðrar markaðshlutdeildar skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

1.

Gjöld fyrir samtengingu skulu vera gagnsæ og byggjast á kostnaði við stofnun og rekstur nets, auk hæfilegrar ávöxtunar fjármagns á grundvelli kostnaðarbókhalds sem haldið skal. Sönnunarbyrði fyrir því að gjöld séu reiknuð út frá raunverulegum tilkostnaði skal hvíla á fyrirtækinu sem lætur í té aðgang að aðstöðu sinni. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefja viðkomandi fyrirtæki um rökstuðning fyrir samtengingargjöldum og þegar við á gera kröfu um lagfæringu þeirra. Þetta ákvæði nær einnig til farsímafyrirtækja sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur úrskurðað að hafi umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaðinum.

2.

Póst- og fjarskiptastofnun skal krefjast þess að fyrirtæki samkvæmt þessari málsgrein birti viðmiðunartilboð um samtengingu sem innihaldi sundurliðaða lýsingu, í samræmi við þörf markaðsaðila, á samtengingartilboði og tengdum skilmálum og skilyrðum, þar á meðal gjaldskrá. Í viðmiðunartilboði skal vera verð fyrir aðgang að allri þjónustu sem í boði er á

neti fyrirtækisins. Stofnunin getur mælt fyrir um rökstuddar breytingar á viðmiðunartilboði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni samtengingarsamninga og viðmiðunartilboðs.

3.

Gjöld fyrir samtengingu skulu vera nægjanlega sundurgreind svo að umsækjandi um samtengingu þurfi ekki að greiða fyrir annað en það sem tengist beint umbeðinni þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að lýsing á kostnaðarbókhalddi sem sýnir helstu kostnaðarliði og reglur sem gilda um færslu kostnaðar við samtengingu séu aðgengilegar.”

Þá eru einnig í gildi reglur um viðmiðunartilboð um samtengingu nr. 94/2002. Í 1. gr. reglnanna er eftirfarandi skilgreining á viðmiðunartilboði:

“Viðmiðunartilboð er tilboð sem fjarskiptafyrirtæki, hér eftir nefnt tilboðsgjafi, birtir og inniheldur lýsingu og verð á sundurliðuðum möguleikum þess til að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að þeim hlutum neta og þáttum þjónustu sem eru nauðsynlegir til þess að fjarskiptafyrirtæki geti tengt net sín og þjónustu við net og þjónustu tilboðsgjafans.”

Í 3. gr. reglnanna er talið upp í 11 tölulíðum þeir þættir sem viðmiðunartilboð skal innihalda, þar segir:

“Að lágmarki skal viðmiðunartilboð lýsa framboði og tilheyrandi skilyrðum, skilmálum og gjaldskrá fyrir netaðgang og þjónustu að því er varðar eftirfarandi liði:

1. Staðsetningu samtengingarpunkta. Listi yfir staði og stöðvar skal gerður í samræmi við 5. gr.

2. Eiginleika samtengingarpunkta. Lýsa skal í samræmi við 6. gr. þeim kostum sem standa til boða.

3. Samtengingarsambönd. Birta skal lista yfir mismunandi gerðir sambanda sem í boði eru, afhendingartíma og gæði sambanda eins og kveðið er á um í 7. gr.

4. Samtengingarþjónustu sem í boði er sem skal að lágmarki vera sú þjónusta sem upp er talin í 8. gr.

5. Tækniröfur í samtengingarpunktum. Birta skal gildi þeirra breytistærða sem taldar eru upp í 9. gr.

6. Tegundir símtala sem völ er á og gæði þeirra. Framboðið skal eigi vera minna en sem samsvarar ákvæðum 10. gr.

7. Aðstoð við notendur. Telja skal upp þá þjónustu sem veitt er í talsímaþjónustu tilboðsgjafa í samræmi við 11. gr.

8. Viðbótarþjónustu. Í 12. gr. er gerð grein fyrir þjónustutegundum sem falla undir þennan lið.

9. Forval og fast forval. Lýsing á fyrirkomulagi þessarar þjónustu skal vera í samræmi við 13. gr.

10. Númeraflutning. Lýsa skal því hvaða númeraflutningur stendur til boða í samræmi við 14. gr.

11. Almenn skilyrði sem skulu talin upp í samræmi við 15. gr.”

Samkvæmt 16. gr. nógildandi laga um fjarskipti skal skilgreina þjónustu- eða vörumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út leiðbeiningar og tilmæli um markaðsgreininguna. Annars vegar eru það leiðbeiningar um markaðsgreiningu og mat á verulegum markaðsstyrk<sup>1</sup> og hins vegar tilmæli um viðkomandi markaði<sup>2</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gefið út sambærilegar leiðbeiningar<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Commission Guidelines on market analysis and the assessment of significant market power under the Community regulatory framework for electronic networks and services, 2002/C 165/3.

Í tilmælum ESA um viðkomandi markaði hafa verið skilgreindir fyrirfram 18 fjarskiptamarkaðir sem Póst- og fjarskiptastofnun, í samræmi við nýju fjarskiptalögin og skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum, er skylt að greina. Fjarskiptalöggjöfin gerir jafnframt ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun skilgreini þessa markaði í samræmi við þær aðstæður sem eru á Íslandi.

Þeir markaðir sem hér skipta máli að því er varða efnisatriði viðmiðunartilboðsins falla undir heildsöluhluta fastanetsins og eru: Markaður 8, upphaf símtala í fastaneti, markaður 9, lok símtala í einstökum fastanetum og markaður 10, flutningur um fastanetið.

Markaðsgreining á þessum mörkuðum er ekki lokið sem þýðir að en eru í gildi þær kvaðir sem settar voru á grundvelli eldri fjarskiptalaga að því er viðkemur skyldu Símans til að birta viðmiðunartilboð og innihald þess og þá um leið heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að gera breytingar á tilboðinu sem raktar eru hér að ofan. Getur stofnunin því ekki litið til ákvæða 29. og 30. gr. fjarskiptalaga varðandi hugsanleg úrræði sem hægt er að grípa til þegar um er að ræða viðmiðunartilboð af hálfu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk, sbr. sjónarmið sem koma fram í bréfi Símans 19. júlí 2007.

Með vísun til ofangreinds lýtur Póst- og fjarskiptastofnun svo á að stofnunin geti hvenær sem er að undangenginni rannsókn og hefðbundinni stjórnsýslumeðferð lagt til breytingar á viðmiðunartilboði Símans eða eftir atvikum tekið bindandi ákvörðun um einstök gjöld eða orðalag einstakra skilmála, sbr. 3. gr. fyrirmæla til Símans, dags. 5. apríl 2005 um *“kvaðir á Landssíma Íslands hf. varðandi aðgang og samtengingu”* sbr. ákvæði til bráðabirgða II í núgildandi fjarskiptalögum nr. 81/2003.

## 2.0 Meginefni viðmiðunartilboðsins

### 2.1 Almennar athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðmiðunartilboðið

Í umsögn Atlassíma er í inngangsorðum gagnrýnt að viðmiðunartilboðið skuli ekki einfaldað og telur fyrirtækið að flókin samtenging við Símann og illskiljanlegir og illfyrirsjáanlegir gjaldþættir séu einir og sér innkomumúrar á íslenskan fjarskiptamarkað og neytendum alls ekki til hagsbóta. Þá telur Atlassími að “gjaldstrúktúr” Símans hampi stærrri fyrirtækjum á kostnað hinna minni, þar sem í heildsölugjaldskrá Símans sé kveðið á um mánaðar- uppsetningar- og aðgangsgjöld sem leggjast þyngra á fjarskiptafyrirtæki sem hafi minni tekjur. Leggur fyrirtækið til að samtengigjaldskrár verði einfaldaðar og að gagnkvæmt afnám mánaðar- uppsetningar- og aðgangsgjalda væri æskilegasta þróunin en þess í stað endurspegluðust samtengigjöld sem mest í breytilegum kostnaði og legðist þannig hlutfallslega rétt á alla aðila markaðarins.

---

<sup>2</sup> Commission Recommendation and Explanatory Memorandum on Relevant Product or Service Markets within the Electronic Communications sector susceptible to ex ante regulation in accordance with directive 2002/21/EC, 11/02/2003, C(2003)497.

<sup>3</sup> Leiðbeiningar Eftirlitstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um markaðsgreiningu og mat á verulegum markaðsstyrk samkvæmt rammaákvæðum um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu sem um getur í XI. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, EES-viðbætur nr. 21, frá 27.4.2006(íslensk útgáfa).

Atlassími bendir jafnframt á að Síminn geri einhliða kröfur um samhæfingu við sinn búnað og miði kröfur sínar við virkni ATM símsstöðva á tímum örrar tækniþróunar og tilkomu IP símsstöðva og bendir á nauðsyn þess að viðmiðunartilboð Símans innihaldi ákvæði um IP samtengingu.

Í inngangsorðum Vodafone í bréfi, dags. 10. janúar 2006. kemur fram að athugasemdirnar lúti einkum að skilgreiningum og forsendum í meginmáli tilboðsins. Vodafone bendir jafnframt á nauðsyn þess að Póst- og fjarskiptastofnun láti framkvæma greiningu á raunkostnaði vegna samtengingar þannig að hægt sé að staðreyna að verð séu til þess fallin að stuðla að samkeppni á markaði fyrir talsímabjónustu.

Í inngangsorðum athugasemda IP fjarskipta ehf. (hér eftir IPF) dags. 10. janúar 2006 telur fyrirtækið m.a. annars að einsýnt sé að með boðuðum breytingum sé Síminn að fíkra sig fjær þeim markmiðum að viðmiðunartilboð séu gagnsæ, fylgi venjum í tvíhliða viðskiptasamningum (gagnkvæmi) og byggji á reglunni um kostnað, sem dæmi nefnir IPF í *fyrsta lagi* að einingarverð sem byggja á mælingum á umferð milli Símans og fjarskiptafyrirtækja endurspegli ekki nema hluta af þeim kostnaði sem felst í samtengisamningnum. Í *öðru lagi* ítrekaðar breytingar og ákvæði í samtengisamningnum þar sem Síminn áskilur sér rétt til að innheimta sérstaklega samkvæmt útseldum taxta vinnu starfsmanna við margvíslega þætti sem nauðsynlegir eru til þess að koma á og viðhalda samtengingu s.s. tæknilegar prófanir, vinnu við skilgreiningar í reikningagerðakerfum, vinnu við afstemmingu uppgjöra o.fl. ómögulegt sé fyrir IPF að átta sig á hversu umfangsmikil slík vinna er eða hafa áhrif á framkvæmd hennar eða réttmæti. Telur IPF þetta skapa óvissu um hver hinn raunverulegi kostnaður er og kemur í veg fyrir að hægt sé að gera áætlanir. Í *þriðja lagi* að IPF beri eitt allan kostnað sem hlýst af leigulínum og samtengisamböndum þrátt fyrir að um gagnkvæm viðskipti sé að ræða sem stríði þannig á móti viðteknum venjum um gagnkvæmni í viðskiptasamningum.

Í ljósi þessa, telur IPF að Póst- og fjarskiptastofnun eigi að gera Símanum skylt að endurskoða verðgrundvöll viðmiðunartilboðsins á þann hátt að þau einingarverð fyrir samtengingarumferð sem þar eru sett fram beri allan eðlilegan kostnað ásamt fjárfestingum auk hæfilegs hagnaðar sem felst í því að koma á og reka samtengingu milli Símans og annarra fjarskiptaneta og að Símanum verði ekki heimilt að innheimta sérstaklega fyrir vinnu sem teljist til starfa sem nauðsynleg eru til að standa skil á samningsákvæðum samtengisamningsins í anda hefðbundinna viðskiptasamninga.

Í umsögn IPF er einnig vísað í 24. gr., 28. gr., 29. gr. og 30. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003.

IPF telur eftirfarandi upp sem dæmi um hvernig Síminn skekki samkeppnisgrundvöll með einhliða ákvæðum viðmiðunartilboðsins t.d. þurfi IPF til viðbótar tengigjöldum og mínútugjöldum fyrir lúkningu símtala að bera stofngjöld, mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengisvæði, gjöld fyrir tengingar á samböndum auk ýmissa gjalda vegna vinnu starfsmanna Símans sem að öllu jöfnu ætti að teljast eðlilegur hluti af starfsemi hans. Telur IPF að þetta skekki samkeppnisgrundvöll á og takmarki möguleika IPF og annarra fjarskiptafyrirtækja í að bjóða þjónustu á jafnræðisgrundvelli í samkeppni við Símann.



Telur IPF að þessi dæmi sem nefnd eru auk fjölmargra annarra atriða sem annað hvort eru óljós eða nauðsynlegt að aðilar semji sín á milli s.s. reikningsuppgjör, aðferðir við að sannreyna uppgjör, gjald- og eindaga, verklag ef um ætlaðar vanefndir er að ræða leiði óhjákvæmilega til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hlutist til um endurskoðun og breytingar á viðmiðunartilboðinu.

Í viðauka sem fylgdi bréfi IPF taldi fyrirtækið að eftirfarandi vantaði í viðmiðunartilboð Símans: *Í fyrsta lagi* nákvæmar skilgreiningar á þjónustuframboði/vörum sem falla undir viðmiðunartilboðið þar sem m.a. væri tilgreint pöntunarferli, afhendingartími, afgreiðslufrestir o.fl. *Í öðru lagi* alla verkferla um móttöku pantana, tilkynningar og lýsingar á því hvernig úrvinnsla Símans fer fram og *í þriðja lagi* þjónustuskilmála.

Þá telur IPF það eðlilega kröfu að Síminn veiti fjarskiptafyrirtæki lúkningu í öllum fjarskiptanetum sem Síminn hefur gilda samtengisamninga við á sömu kjörum að viðbættum eðlilegum kostnaði vegna umflutnings. Ef fjarskiptafyrirtæki semji beint við 3ja aðila, tilkynni fjarskiptafyrirtæki það til Símans, þ.e. að viðkomandi aðilar muni gera upp samtengiumferð sín á milli án milligöngu Símans. Í slíkum tilfellum muni Síminn eingöngu reikningsfæra umflutning fyrir umrædda þjónustu.

## 2.2 Almennar athugasemdir Símans

Í inngangi bréfs Símans, dags 8. mars 2006, þar sem Síminn svarar efnislega þeim athugasemdum sem höfðu borist frá fjarskiptafyrirtækjunum. Reifar fyrirtækið sjónarmið um skyldu Vodafone til birtingar viðmiðunartilboðs. Póst- og fjarskiptastofnun tók ákvörðun, dags. 18. júlí 2006, þar sem því var hafnað að á Vodafone hvíldi skylda til að gefa út viðmiðunartilboð um samtengingu. Þessi ákvörðun var ekki kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Í ljósi þessa er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um þessi sjónarmið Símans.

Leggur Síminn m.a. áherslu á að ekki séu fordæmi fyrir því að lagt sé út í fjarfestingar í vinnu og búnaði án gjaldtöku. Síminn þurfi að uppfylla kvaðir hvort sem þær eru honum hagstæðar eða ekki og ef viðsemjendur geta farið fram á hvað sem er án þess að greiðsla komi á móti er orðin til stjórnlaus kostnaður sem aðeins getur leitt til sóunar og óhagkvæmni.

Þá kemur fram hjá Símanum að tengiaðferð samtengisamnings miðast við þann búnað sem er í rekstri hjá Símanum.

## 2.3 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í 24 gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003,<sup>4</sup> er almennt ákvæði um réttindi og skyldur fjarskiptafyrirtækja sem gildir óháð því hvort fyrirtæki hafa verið úrskurðuð með umtalsverðan markaðsstyrk eða ekki.

---

<sup>4</sup> Hliðstætt ákvæði var áður í 23. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999.

*Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu skulu eiga rétt á og þeim ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu.*

*Póst- og fjarskiptastofnun skal leitast við að tryggja aðgang og samtengingu og gagnvirkni þjónustu á fullnægjandi og hagkvæman hátt.*

Meginreglan er því sú samkvæmt fjarskiptalögum að fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á og þeim ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu. Eitt fyrirtæki á fjarskiptamarkaðinum hér á landi Síminn ber auk þess þær viðbótarskyldur að birta fyrirfram viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta.

Núgildandi viðmiðunartilboð Símans hf., tók gildi þann 1. júlí 2006 og er merkt sem útgáfa 3.3. Að stofni til er það viðmiðunartilboð sem nú er unnið eftir frá árinu 2002.

Í almennum athugasemdum fyrirtækjanna er m.a. vikið að IP samtengingu og því er einnig haldið fram að samtengingargjöld eigi að ná yfir allan kostnað sem fellur til vegna samtengingar. Vegna þessara athugasemda þykir Póst- og fjarskiptastofnun rétt að taka eftirfarandi fram varðandi IP samtengingu og hvort samtengingargjöld eigi að ná yfir allan kostnað.

#### *Um IP samtengingu*

Fyrir liggur afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að netsímaþjónusta falli undir hugtakið *almenn talsímaþjónusta*. Í ljósi þessa álits, svo og þeirrar meginreglu að viðmiðunartilboð skuli taka breytingum í ljósi þróunar fjarskiptamarkaðs og tækniþróunar almennt, telur Póst- og fjarskiptastofnun að Síminn eigi að útfæra skilmála viðmiðunartilboðsins á þann veg að fyrirtækið bjóði upp á IP samtengingu. Útfærsla IP samtengingar og þar af leiðandi lýsing á þjónustunni í viðmiðunartilboði fyrirtækisins skal vera lokið um leið og Síminn fer almennt að tengja sín eigin net saman með IP samtengingu, sbr. einnig sú kvöð um jafnræði sem hvílir á fyrirtækinu samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 107/1999, sbr. ákvæði til bráðabirgða II með núgildandi fjarskiptalögum.

#### *Um samtengingargjöld*

Í þeim viðmiðunartilboðum sem helst hafa verið höfð til hliðsjónar hér á landi, sbr. t.d. úrskurður úrskurðarðnefndar nr. 5/2006 má sjá að almennt taka þeir aðilar sem eru í sambærilegri stöðu og Síminn ýmiss stofngjöld, mánaðarleg rekstrargjöld og gjöld fyrir tengingar á samböndum. Vandséð er því að Síminn eigi ekki að hafa sama rétt og aðrir fyrrum einkaréttarhafar sem hafa sambærilegar skyldur og Síminn hefur hér á landi. Gjöldin verða hins vegar að vera eðlilegur þáttur í þeirri þjónustu sem Símanum er skylt að veita. Einnig má benda á að Síminn hefur lögbundinn rétt til að taka gjöld sem byggjast á kostnaði ásamt hæfilegri álagningu, sbr. 3. gr. fyrirmæla Póst- og fjarskiptastofnunar um: *Kvaðir á Landssíma Íslands hf. varðandi aðgang og samtengingu*, dags. 5. apríl 2005, sbr. 26. gr. fjarskiptalaga nr. 207/1999. Þær athugasemdir sem bárust sem lúta að því að samtengingargjöld eigi að ná yfir heildarkostnað sem til verður við samtengingu verða því ekki teknar til sérstakrar umfjöllunar.

Þá telur Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um tilvísanir IPF til 28., 29. og 30. gr. fjarskiptalaga þar sem þar er fjallað um kvaðir sem heimild er að leggja á grundvelli markaðsgreiningar, en eins og áður hefur komið fram hefur

markaðsgreining ekki farið fram samkvæmt nágildandi fjarskiptalögum á þeim mörkuðum sem hér er verið að fjalla um.

Aðrar athugasemdir þeirra fjarskiptafyrirtækja sem reifaðar eru hér að ofan verða gerð skil í umfjöllun um viðkomandi grein viðmiðunartilboðsins sem athugasemdin á við um.

### **3.0 Athugasemdir um einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins**

Hér á eftir verður einungis fjallað um þá skilmála viðmiðunartilboðsins sem gerðar hafa verið athugasemdir við. Með öðrum orðum þeir skilmálar sem ekki er vikið sérstaklega að skoðast sem samþykktir af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar. Til hægðarauka verða viðkomandi ákvæði viðmiðunartilboðsins tilgreind í upphafi umfjöllunar:

#### **3.1 Grein 1.4. Breytingar á samningi, grein 1.5. Uppsögn**

Grein 1.4 Breytingar á samningi

*“Aðilum að samtengingarsamningi er tilkynnt um breytingu sem Síminn gerir á samningi með mánaðar fyrirvar og birtist samningur með áorðnum breytingum á vef heildsölu”*

Grein 1.5 Uppsögn

*“Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegum hætti með 1 mánaðar fyrirvara.*

*“Nú segir Síminn upp samningi og skal hann þá samhliða birta nýjan samtengingarsamning sem tekur gildi um leið og hinn eldri fellur úr gildi”*

Í útgáfu 3.4 af viðmiðunartilboði Símans hefur verið gerð eftirfarandi breyting á grein 1.4.

*“Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda hans.*

*Við gildistöku nýs samtengingarsamnings falla úr gildi allir eldri samtengingarsamningar og án sérstakar undirskriftar Símans og viðsemjanda.*

*Gildandi viðmiðunartilboð, skal þannig hverju sinni vera samtengingarsamningur á milli Símans og viðsemjanda, um samtengingu talsímaneta.*

*Síminn birtir “Viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta” á vef sínum, þar sem fram koma áformaðar breytingar á efni samtengingarsamninga.”*

#### **3.1.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Vodafone sem og IP fjarskipti gerðu athugasemdir við að Síminn hygðist tilkynna einhliða um breytingar á samningi og að uppsagnarfrestur samningsins væri

óásættanlegur og taldi Vodafone t.d. rétt að hafa í huga að meginreglan sé sú að aðilar semji sín á milli um samtengingu með viðmiðunartilboð til hliðsjónar eftir atvikum og hafa beri í huga skyldu Símans til að kynnar breytingar á viðmiðunartilboði fyrir Póst- og fjarskiptastofnun. Þá benti IP fjarskipti m.a. á að fáist þetta staðist myndi það gera alla áætlanagerð ómarkvissa og beinlínis valda óvissu um rekstur og fjárhagslega afkomu viðsemjanda Símans.

Í bréfi Símans, dags. 6. apríl 2006, fellst Síminn á þær athugasemdir sem fram komu að eins mánaðar uppsagnarfrestur kunni að vera knappur. Gerir Síminn það að tillögu sinni að gagnkvæmur uppsagnarfrestur verði þrjú mánuðir.

Í umsögn Vodafone, dags. 27. júní 2007, gerir fyrirtækið eftirfarandi athugasemdir við breytingar sem gerðar voru á grein 1.4 í útgáfu 3.4.

*“Í bréfi Símans hf. frá 27. apríl s.l. segir að Síminn líti svo á að við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs um samtengingu falli gildandi samtengisamningar Símans og viðsemjanda hans sjálfkrafa úr gildi en hið nýja viðmiðunartilboð taki gildi sem samningur á milli aðila án þess að undirskrift komi til. Í hinu nýja viðmiðunartilboði segir síðan í gr. 1.4. að nýtt viðmiðunartilboð skuli birt til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku en að þeim tíma liðnum taki það gildi sem nýr samtengisamningur milli Símans og viðsemjanda. Við gildistöku falli úr gildi eldri samtengisamningar án sérstakar undirskriftar Símans og viðsemjanda.”*

Telur fyrirtækið framangreint verklag brjóta í bága við ákvæði fjarskiptalaga nr. 81/2003 um samtengingu neta sbr. ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/19/EB (Aðgangstilskipunin) sem fjarskiptalögum er ætlað að innleiða. Þannig segi í 5. mgr. Aðfararorða tilskipunarinnar að ekki megi takmarka möguleika fjarskiptafyrirtækja á því að semja um aðgang og samtengingu neta sín á milli og að meginreglan skuli vera sú að fyrirtæki semji um slíkt sín á milli á viðskiptalegum forsendum. Í 4. gr. tilskipunarinnar segir síðan að fyrirtækjum sé skylt að semja um samtengingu neta og að skilmálar skuli eftir atvikum vera í samræmi við þær kvaðir sem eftirlitsstofnun hafi lagt á viðkomandi fyrirtæki.

Telur Vodafone í ljósi þess einsýnt að Símanum sé ekki heimilt að gefa út einhliða viðmiðunartilboð og líta svo á að með því sé kominn á bindandi samtengisamningur milli Símans og viðsemjanda án þess að viðsemjandi fái svo mikið sem tækifæri til þess að kvitta á samninginn. Slíkt fyrirkomulag brjóti augljóslega í bága við meginregluna um að fyrirtæki skuli semja sín á milli um samtenginguna. Þá telur Vodafone að fallist Póst- og fjarskiptastofnun á framgreint verklag feli það jafnframt í sér að önnur fjarskiptafyrirtæki sem gefa skuli út viðmiðunartilboð hafi sama háttinn á. Staðan á markaði væri þá sú að fjarskiptafyrirtæki gæfu almennt út einhliða nýja “samtengisamning” sem kynnu að skarast á við samtengisamninga gagnaðila. Slíkt verklag gæti haft í för með sér að ófremdarástand skapaðist á markaði.

Með bréfi, dags. 19. júlí s.l. gerði Síminn m.a eftirfarandi athugasemdir við umsögn Vodafone um form viðmiðunartilboðs um samtengingu talsímaneta. Í umsögninni fjallar fyrirtækið um 24. gr. fjarskiptalaga, sem byggir á 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/19/ESB. Ákvæðið fjallar um rétt og skyldu fjarskiptafyrirtækja til að tengja saman net sín og þjónustu svo þeir geti náð sambandi sín á milli. Ákvæðið tekur til allra fjarskiptafyrirtækja óháð markaðsstyrk. Telur

Síminn að ákvæðið eigi ekki við um viðmiðunartilboð Símans heldur eigi það við um gerð almennra samtengisamninga sem gerðir eru á grundvelli greinarinnar.

Síminn fjallar einnig um 2. mgr. 29. gr. sem fjallar um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að skylda fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan marksstyrk til að gefa út viðmiðunartilboð um samtengingu og 30. gr. fjarskiptalaga sem fjallar um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að leggja þá kvöð á fyrirtæki að það gæti jafnræðis þegar það samþykkir samtengingu eða aðgang. Telur Síminn framangreind ákvæði eiga við um viðmiðunartilboð fyrirtækisins um samtengingu neta. Til að tryggja jafnræði hafi Síminn lagt upp með þá framkvæmd gagnvart fyrirtækjum sem hafa undirritað samtengingarsamning að segja samtengingarsamningi upp með þeim uppsagnarfresti sem getið er um í samtengingarsamningi og er nú 3. mánuðir. Á sama tímabili er fjarskiptafyrirtækjum send nýtt viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta ásamt því að Póst- og fjarskiptastofnun er sent sama eintak. Á tímabilinu frá því tilkynnt er um uppsögn og hið nýja viðmiðunartilboð kynnt hafi stofnunin ráðrúm til að fara yfir viðmiðunartilboðið og mæla fyrir um breytingar á því og getur einnig leitað eftir sjónarmiðum viðsemjanda Símans.

Telur Síminn þessa framkvæmd vera þá aðferð sem best tryggir jafnræði aðila á markaði sem er meginmarkmið með útgáfu viðmiðunartilboðs. Breytingar sem á að gera á viðmiðunartilboði verði því að vera gerðar af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar, ýmist eftir ábendingu viðsemjanda Símans eða að frumkvæði Póst- og fjarskiptastofnunar. Bendir Síminn á að ekki verði annað séð en að það myndi skapa ringulreið og réttaróvissu ef í hvert skipti sem gera ætti smávægilegar breytingar á viðmiðunartilboði þyrfti að semja við hvern og einn viðsemjanda upp á ný og niðurstaðan gagnvart hverjum og einum kynni að vera mismunandi. Hætta er á því að jafnræði aðila á markaði yrði raskað ef ekki yrði tryggt að meginefni samtengisamnings yrði ávallt það sama meðal keppinauta.

Óskar Síminn því eftir að Póst- og fjarskiptastofnun staðfesti með formlegum hætti að sú framkvæmd sem að framan er lýst sé lögum samkvæmt.

### **3.1.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Í útgáfu 3.3. sem Síminn tilkynnti með bréfi, dags. 31. maí 2006 og tók gildi 1. júlí 2006 var tekið tillit til þeirra athugasemda sem borist höfðu við grein 1.4. og 1.5. að því er varðaði lengd uppsagnarfrests og gildistöku breytinga og er nú kveðið á um að breytingar skulu tilkynntar með þriggja mánaða fyrirvara og einnig að hvor aðili geti sagt samningnum upp með skriflegum hætti með þriggja mánaða fyrirvara.

Í ljósi þessa er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um þær athugasemdir sem snúa að tímalengd frests varðandi breytingar og uppsögn samnings. Þá eru heldur ekki forsendur til að fjalla efnislega um 28, 29 og 30. gr. fjarskiptalaga sem fjalla um kvaðir sem heimild er að leggja á fyrirtæki á grundvelli markaðsgreiningar.

Hvað varðar beiðni Símans, í bréfi fyrirtækisins, dags. 19. júlí s.l. um að Póst- og fjarskiptastofnun staðfesti með formlegum hætti að sú framkvæmd sem Síminn lýsir sé lögum samkvæmt. Þá getur stofnunin staðfest að lýsing Símans á málsmeðferð er í samræmi við lög um fjarskipti eins og þau verða skýrð. Stofnunin telur hins vegar að viðmiðunartilboð geti ekki tekið einhliða gildi gagnvart viðsemjendum Símans, sbr. umfjöllun hér að neðan.

Þær athugasemdir fjarskiptafyrirtækja sem eftir standa snúa að samspili viðmiðunartilboðs og samtengingarsamninga og um rétt fjarskiptafyrirtækja til að semja um samtengingu fjarskiptaneta. Eins og getið er í kafla 3.1.1. gerði Síminn talsverðar breytingar á grein 1.4. með útgáfu 3.4.

Ákvæði um skyldu markaðsráðandi aðila til að birta viðmiðunartilboð kom fyrst inn í fjarskiptalög með lögum 107/1999, sbr. 26. gr. laganna. Í 2. t.l. er m.a. kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli krefjast þess að fyrirtæki birti viðmiðunartilboð um samtengingu sem innihaldi sundurliðaða lýsingu, í samræmi við þörf markaðsaðila, á samtengingartilboði og tengdum skilmálum og skilyrðum, þar á meðal gjaldskrá. Þá er í sama töluliði kveðið á um það að Póst- og fjarskiptastofnun sé heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni samtengingarsamninga og viðmiðunartilboðs.

Í greinargerð með 26. gr. er eftirfarandi skýring á 2. töluliði:

*“Í 2. tölul. kemur fram krafa um að fjarskiptafyrirtæki sem nýtur umtalsverðrar markaðshlutdeildar birti viðmiðunartilboð. Innihald slíks viðmiðunartilboðs er ekki tæmandi talið í greininni og tekur mið af þróun fjarskiptamarkaðarins á hverjum tíma. Samtengingartilskipunin leggur eftirlitsstofnunum í einstökum ríkjum á herðar skyldu að tryggja að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild birti viðmiðunartilboð um samtengingu.*

*Skyldur fjarskiptafyrirtækja til að gefa út viðmiðunartilboð og leiðbeiningar um innihald viðmiðunartilboðs er að finna bæði í samtengingartilskipuninni, grein 7.3, og tilskipun um samkeppni á fjarskiptamarkaði 90/388/EB, með síðari breytingum. Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út leiðbeiningar um innihald viðmiðunartilboðs. Tilboðinu er ætlað að auðvelda nýjum fyrirtækjum á markaðinum að átta sig á möguleikum sem samtenging á að veita þeim til að bjóða notendum nýja kosti í fjarskiptapjónustu.”*

Af ofangreindu orðalagi má ráða að lögin gera ráð fyrir því að viðmiðunartilboð og samtengingarsamningar séu sitt hvor samningurinn og viðmiðunartilboði er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir samtengingarsamning eða að takmarka á nein hátt rétt fjarskiptafyrirtækja til að semja um samtengingu við Símann, enda kemur fram í 24. gr. núgildandi fjarskiptalaga að fjarskiptafyrirtæki skulu eiga rétt á og þeim ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu.

Ofangreindur skilningur kemur einnig fram í 4. gr. reglna um viðmiðunartilboð, þar sem segir að fjarskiptafyrirtæki skuli eiga þess kost að semja um einstaka þætti viðmiðunartilboðsins og að óheimilt sé að leggja fram viðmiðunartilboð í formi heildstæðs samtengingarsamnings.

Þessu til viðbótar vísar hugtakið “viðmiðunartilboð” til þess að um viðmiðun og tilboð sé að ræða sem m.a. er ætlað að auðvelda nýjum fyrirtækjum á markaði að átta sig á þeim möguleikum sem samtenging á að veita þeim, sbr. ummæli greinargerðar.

Ýmis ákvæði og viðaukar viðmiðunartilboðsins benda auk þess til þess að fram þurfi að fara viðræður á milli þeirra aðila sem óska eftir samningi um samtengingu um tengingu talsímaneta. Þannig kveður viðmiðunartilboðið grein 1.6. á um að ýmsir viðaukar séu hluti af tilboðinu (segir samningur í ákvæðinu) Þannig þarf viðsemjandi

að skila inn verðskrá fyrir samtengingu (viðauki 1b), yfirlit yfir þjónustu (viðauki 3b), yfirlit yfir samtenging og kerfislýsingu viðsemjanda (viðauki 5b). Bendir þetta til þess að varhugavert sé og jafnvel ómögulegt að kveða svo á að viðmiðunartilboð taki gildi sem samtengingarsamningur, án þess að viðræður fari fram um efni hans.

Hversu langt Síminn getur hins vegar gengið til að koma til móts við kröfur og sértækar óskir fjarskiptafyrirtækja varðandi tegund samtengingar eða skilmála yfir höfuð getur verið takmörkunum háð. Þar sem fyrirtækið hefur skyldu til að gæta jafnræðis við viðsemjendur sínar. Í raun er langlíklegast að viðmiðunartilboðið eins og það er á hverjum tíma geti verið nánast óbreytt sem samtengingarsamningur á milli Símans og viðsemjanda hans, en það útilokar ekki að fyrirtæki geti nýtt sér lögbundinn rétt til þess að ná samningum við Símann.

Óbreytt ákvæði greinar 1.4. hefur einnig þær afleiðingar að réttur fjarskiptafyrirtækja til samninga við Símann verður einnig skertur að því leyti að Síminn hefur þá eitt fyrirtækja rétt til að semja um samtengingu samkvæmt 24. gr. fjarskiptalaga við viðsemjendur sína ef fyrirtækið í þeim sömu viðræðum leggur fram viðmiðunartilboð, án þess að gefa viðsemjendum færi á að ræða einstök atriði þess eða útfærslur. Augljóst er að staða aðila verður þá ekki á jafnréttisgrundvelli.

Það er því niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að með svo afdráttarlausu orðalagi eins og nú er í útgáfu 3.4. á grein 1.4. sé rétti fyrirtækja til að semja við Símann sett það viðtæk takmörk að þau gangi gegn ákvæðum fjarskiptalaga eins og þau verða skýrð.

Í því ljósi leggur Póst- og fjarskiptastofnun til eftirfarandi breytingar á grein 1.4.

*“Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda hans. Geti viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur samtengingarsamningur aðeins gildi varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni samtengingarsamnings/viðmiðunartilboðs til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.*

*Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs skal skýra eldri samtengingarsamninga með hliðsjón af hinum breyttu ákvæðum viðmiðunartilboðsins. Að jafnaði er ekki litið svo á að til þurfi að koma sérstök undirskrift Símans og viðsemjanda vegna breytingar á efni samtengingarsamninga, í hvert sinn sem viðmiðunartilboði er breytt.*

Eftirfarandi málsgrein er fellt út úr viðmiðunartilboðinu:

*Gildandi viðmiðunartilboð, skal þannig hverju sinni vera samtengingarsamningur á milli Símans og viðsemjanda, um samtengingu talsímaneta.*

Loka málsgrein greinarinnar er óbreytt, en hún hljóðar svo:

*“Síminn birtir “viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta” á vef sínum, þar sem fram koma áformaðar breytingar á efni samtengingarsamninga.”*

## 3.2 Grein 1.7. Skilgreiningar.

*“Hefðbundin símanúmer: Símanúmer sem tengja búnað símnotenda við grunnsamtengingarþjónustu ásamt hefðbundinni gjaldtöku símnotanda. Venjulega er svörun og úthringing handvirk en þó getur búnaðurinn verið sjálfvirkur að einhverju eða öllu leyti ef hegðunarmynstur breytist ekki verulega.”*

*Óhefðbundin símanúmer: Símanúmer sem ekki falla undir skilgreiningu um hefðbundin símanúmer.”*

Í útgáfu 3.3. af viðmiðunartilboði Símans var bætt við eftirfarandi skilgreiningum:

*“Óstaðbundin símanúmer: Flökkunúmer.”*

*og skilgreiningu á flökkunþjónustu*

*Flökkunþjónusta: óstaðbundin talsímaþjónusta sem veitt er yfir Internetið og er auðkennd með sérstökum flökkunúmerum til aðgreiningar frá annarri talsímaþjónustu. Notandinn getur virkjað flökkunþjónustu með aðgangsstýringu hvar sem tenging við Internetið er möguleg*

### 3.2.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í umsögn Atlássíma er bent á að í viðmiðunartilboði sé annarsvegar talað um “hefðbundin símanúmer” og hins vegar “óhefðbundin símanúmer” og óskað eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun leggi mat á hvort VoIP númer geti með einhverju móti fallið utan skilgreiningar um “hefðbundin símanúmer” og innan skilgreiningar um “óhefðbundin símanúmer” þannig að viðmiðunartilboðið útiloki VoIP þjónustuaðila.

Síminn bendir á í umsögn sinni frá 8. mars 2006 að talsímaþjónusta yfir internet geti ekki talist til hefðbundinnar talsímaþjónustu, þar sem um allt annars konar þjónustu sé að ræða samanborið við núverandi talsímaþjónustu með tilliti til öryggis og gæða. Annað gildi hins vegar um VoIP þjónustu fyrir fasta staðsetningu með ADSL eða annars konar fastri tengingu.

### 3.2.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í yfirlýsingu Póst- og fjarskiptastofnunar um netsímþjónustu, dags. 3. febrúar 2006 gerði hún grein fyrir afstöðu sinni til netsímaþjónustu með tilliti til fjarskiptalaga. Segir þar m.a. “líttur Póst og fjarskiptastofnun svo á að ekki eigi að gera greinamun á því hvaða tækni er notuð við veitingu hefðbundinnar talsímaþjónustu. Eiga því ákvæði laga um fjarskipti nr. 81/2003 er varða talsímaþjónustu við um netsíma eftir því sem við á.” Auk þess hefur Póst- og fjarskiptastofnun í tveimur bráðabirgðaákvörðunum, dags. 19. apríl og 8. maí 2006, fjallað um skráningu flökkunúmera og númeraflutning úr almennri talsímaþjónustu yfir í netsímaþjónustu og vísast til þess sem þar segir.

Skilgreining á sérstökum símanúmerum fyrir flökkunþjónustu saman borið við almenna talsímaþjónustu á hins vegar rétt á sér. Standa til þess gild rök að gera slíkan greinarmun út frá öryggissjónarmiðum þar sem ekki er unnt að staðsetja neyðarsímtöl í IP neti með sama hætti og í hefðbundnu talsímaneti. Af þessum sökum kann að vera rétt að skilgreina *flökkunúmer* í viðmiðunartilboði.



Er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að viðmiðunartilboð Símans endurspegli ekki þá skilgreiningu sem hún hefur lagt til grundvallar varðandi netsímaþjónustu með því að tala um hefðbundin- og óhefðbundin símanúmer. Leggur stofnunin því til að skilgreiningarnar hefðbundin- og óhefðbundin símanúmer verði felldar brott úr viðmiðunartilboðinu.

### **3.3 Grein 2.2. Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig**

*“Hvor aðili ber ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum. Í þjónustu felst m.a. að viðskiptavinir séu upplýstir um aðgengi að viðkomandi fyrirtæki. Hvor aðili innheimtir hjá eigin viðskiptavinum.*

*Hvor aðili ber ábyrgð á því að viðhalda umsömdum þjónustugæðum og þjónustustigi”*

#### **3.3.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Vodafone bendir á að í lið 2.2. sé að finna nýtt ákvæði um ábyrgð á þjónustu við viðskiptavini, þjónustugæði og þjónustustig. Þar sé einnig að finna nýja skilgreiningu á því hvað felst í þjónustu.

#### **3.3.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.**

Póst- og fjarskiptastofnun telur að ekki ástæða til að gera athugasemdir við lið 2.2., enda verður að telja að um eðlilegt skilyrði sé að ræða.

### **3.4 Grein 2.3 Tilkynningar vegna bilana**

*“Hvor aðili um sig tilkynnir um bilanir í eigin neti. Aðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.”*

#### **3.4.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í athugasemdum Vodafone er vísað til þess að einnig eigi að mæla fyrir um aðgengi aðila til þess að framkvæma bilanagreiningar svo komast megi fyrir þær svo fljótt sem auðið er.

Í svörum Símans er ekki tekið efnislega á þessari athugasemd Vodafone.

#### **3.4.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Póst- og fjarskiptastofnun telur eðlilegt að í viðmiðunartilboði sé skýrt kveðið á um að aðilar sammingsins upplýsi um bilanir í eigin neti að svo miklu leyti sem þær hafi áhrif á umferð á milli netanna. Póst- og fjarskiptastofnun er hins vegar ekki ljóst hversu mikið aðgengi aðilar þurfa að netum gagnaðila til að framkvæma bilanagreiningar eins og talað er um í umsögn Vodafone. Með þeim fyrirvara leggur Póst- og fjarskiptastofnun til eftirfarandi orðalagsbreytingar á grein 2.3.

*“Hvor aðili um sig tilkynnir um bilanir í eigin neti. Aðilar skulu veita nauðsynlegt aðgengi að sínum búnaði við framkvæmd bilanagreiningar svo komast megi fyrir þær*

*svo fljótt sem auðið er. Aðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.”*

### **3.5 Grein 3.1. Samtengingarsvæði og samtengingarpunktar**

*“Samtengingarsvæði og samtengingarpunktar Símans eru skilgreindir í viðauka 5a.*

*Viðsemjandi skal skila inn viðauka 5b um samtengingarsvæði og samtengingarpunkta.*

*Samningsaðilum er heimilt að breyta samtengingarsvæðum og samtengingarpunktum ef nauðsyn krefur vegna tæknilegra ástæðna. Geri Síminn breytingar á samtengingarsvæðum og samtengingarpunktum sínum, ber Síminn sinn innri kostnað af breytingunni, en viðsemjandi allan kostnað sem hlýst af aðlögun hans að breytingunni. Viðsemjandi ber allan kostnað sem hlýst af breytingum sem hann vill gera á samtengingarsvæðum eða samtengingarpunktum.”*

*Breytingar skv. Þessari grein skal tilkynna með 6 mánaða fyrirvara.”*

#### **3.5.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í ákvæðinu er fjallað um gagnkvæmar skilgreiningar á samtengipunktum. Athugasemd Atlássíma lýtur að því að í neðstu málsgrein er tiltekið að breytingar á samtengipunktum megi gera með 6 mánaða fyrirvara og að viðsemjandi beri kostnað sem af því hlýst. Telur Atlássími það óásættanlegt að viðsemjandi beri kostnað í öllum tilvikum. Flytji Síminn samtengingarpunkta er erfitt að sjá réttlætisrök fyrir því að viðsemjandi eigi að bera þann kostnað sem af því hlýst. Óskar Atlássími eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun hlutist til um að ákvæði þessu verði breytt í þá veru að sá er flytur samtengingarpunkt beri kostnað af þeim breytingum.

Vodafone og IPF gerðu efnislega sömu athugasemdir við grein 3.1. og Atlássími.

Í svari Símans, dags, 8. mars 2006, kemur m.a. fram að kostnaðurinn sé ekki nákvæmlega tilgreindur og að erfitt sé að telja allt það sem upp getur komið. Þá telur Síminn að fyrirtækið hafi verið hógvært í reikningagerð sinni við sína viðsemjendur og vill að slíkur skilningur sé lagður í ákvæðið. Einnig er ákvæðið til þess að gera viðsemjanda meðvitaða um að hringlandaháttur kosti sitt og góðar áætlanir fram í tímann borgi sig. Sem rök fyrir því að eingöngu viðsemjandi greiði kostnað Símans af breytingum tiltekur Síminn að ef viðsemjandi vill gera breytingar á sinni uppsetningu þá hefur það í för með sér vinnu og kostnað hjá Símanum. Síminn sé þ.a.l. að óska eftir sanngjörnu endurgjaldi á þeim kostnaði sem Síminn verður fyrir vegna ákvarðana viðsemjanda. Á hinn bóginn telur Síminn að ekki sé sjálfgefið að Síminn greiði kostnað viðsemjanda þó Síminn geri breytingar, þar sem ekki er sjálfgefið að Síminn hafi haft áhuga á tengingu við viðkomandi viðsemjanda og ekki sjálfgefið að Síminn hagnist nokkuð á þeirri tengingu.

Í svari við athugasemd Atlássíma um sama efni telur Síminn rétt að ef um er að ræða breytingar sem félagið gerir og eru vegna framþróunar á búnaði sem fylgir almennum stöðlum og opnar fyrir nýja möguleika verði viðsemjendur að aðlaga sig því án þess að greiðsla komi fyrir. Ef um annars konar breytingar er að ræða getur Síminn fallist á að hann taki þátt í kostnaði viðsemjanda.

### 3.5.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Síminn hefur rétt og skyldu til að semja um samtengingu, sbr. 24. gr. fjarskiptalaga. Auk þess ber fyrirtækið skyldu til að birta viðmiðunartilboð, sbr. kvaðabréf, dags. 5. apríl 2005, sbr. 26. gr. eldri fjarskiptalaga nr. 107/1999. Síminn hefur þ.a.l. skyldu til að semja við alla þá sem óska eftir samtengingu m.a. á grundvelli þess viðmiðunartilboðs sem hér er til umfjöllunar. Sjónarmið varðandi hugsanlegan hagnað eða þá tap Símans af samtengingunni hafa ekki áhrif á þá skyldu. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er að hvor aðili um sig beri sanngjarnan og eðlilegan kostnað af þeim breytingum sem gerðar eru á samtengingunni. Í ljósi þessa er óeðlilegt að ekki skuli gilda það sama þegar Síminn tekur ákvörðun um breytingar að eigin frumkvæði að hann skuli ekki greiða þann kostnað sem hlýst af nauðsynlegum breytingum hjá viðsemjendum sínum á sama hátt og Síminn krefst þess að fá greitt fyrir þann kostnað sem Síminn verður fyrir ef breytingar eru að undarlagi viðsemjanda.

Í ljósi ofangreinds leggur Póst- og fjarskiptastofnun til að núverandi 3. mgr. skilmála 3.1 í útgáfu 3.4. verði orðuð með gagnkvæmum hætti

*Ef breytingar eru nauðsynlegar vegna framþróunar búnaðar eða staðla ber hvor aðili sinn eigin kostnað. Ef breytingar eiga rót að rekja til annarra atriða ber sá aðili sem fer fram á breytinguna allan kostnað sem af breytingunni hlýst þ.m.t. kostnað viðsemjanda”*

## 3.6 Grein 3.2 og 3.3. samtengingarsambönd og samtengingarumferð

*Grein 3.2. Samtengingarsambönd*

*“Samtengingarsambönd skiptast í talsambönd og merkjasambönd.*

*Verð fyrir talsambönd og merkjasambönd eru tilgreind í viðauka 1a.”*

*Grein 3.3 Samtengingarumferð*

*“Aðilar skuldbinda sig til að sjá til þess að pantanir, stofnun þjónustu, breytingar og rekstur samtengingarumferðar séu skilvirkar og samkvæmt þeim gæðakröfum sem aðilar semja um á hverjum tíma. Samtengingarumferð á merkjasamböndum er ekki sérstaklega gjaldfærð ef gjöld fyrir símtöl eru innheimt af viðkomandi umferð, annars er gjaldfært samkvæmt viðauka 1a.”*

### 3.6.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í umsögn Vodafone kemur fram að fyrirtækið telur að umrædd ákvæði falli ekki undir grunnsamtengingarþjónustu.

Í svari Símans kemur fram að efni viðmiðunartilboðs sé ekki eingöngu takmarkað við grunnsamtengingarþjónustu. Þar fyrir utan eru merkjasambönd og merkjaumferð nauðsynlegur þáttur fyrir ýmissa grunnsamtengingarþjónustu. Án merkjasambanda og merkjaumferðar verði engin samtengingarumferð til.

### 3.6.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun tekur undir með Símanum og telur að merkjasambönd og merkjaumferð sé nauðsynlegur þáttur grunnsamtengingarþjónustu og ákvæði þar sem fjallað er um merkjasambönd og merkjaumferð eigi þ.a.l. heima í viðmiðunartilboði Símans enda gera reglur um viðmiðunartilboð beinlínis ráð fyrir merkjasendingum en í 9. gr. reglna um viðmiðunartilboð er m.a. kveðið á um að ekki megi gjaldfæra fyrir merkjasendingu ofan á símtalagjöld.

## 3.7 Grein 3.4. Pöntun á þjónustu

*“Lágmarksleigutími á samtengingu og fjölgun samtengingarstrauma er 3 mánuðir”*

### 3.7.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í umsögn IPF kemur fram að fyrirtækið telur þetta ákvæði algerlega tilefnislaust og ekki standast í ljósi þess að samtenging talsímaneta skapi báðum aðilum tekjur af samtengingarumferð.

### 3.7.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er eðlilegt að kveðið sé á um lágmarksleigutíma á samtengingu og fjölgun samtengistrauma. Einnig er til þess að líta að lágmarksleigutími er hér í samræmi við grein 1.4. og 1.5.

## 3.8 Grein 3.5. Áætlanir

*“Viðsemjandi skal leggja fram áætlanir, um samtengingarsambönd, samtengingarumferð og aðra samtengingarþjónustu sem nær yfir allt næsta almanaksár (12 mánuði) í októbermánuði ár hvert. Áætlanir skulu endurskoðaðar eins og þörf er á. Ef áætlanir eru ekki uppfærðar er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi. Ef endurskoðun á áætlunum fela í sér verulega breytingu á áætlunum næstu 3 mánuði er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.*

*Í áætlunum um samtengingarsambönd skal koma fram fjöldi strauma og merkjaleiða og áætlaðir tengipunktur.*

*Í áætlunum um samtengingarumferð skal koma fram áætlað magn og tegund umferðar. Einnig skulu koma fram upplýsingar um áætlað hámarksálag, stærð þess og tíma.*

*Áætlanir hér að ofan skulu innihalda umferð til og frá viðsemjanda og miðast við að frávísun á uppköllum milli fjarskiptakerfa verði ekki meiri en 1%.”*

### 3.8.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Atlassími benti á að í nýju viðmiðunartilboði séu auknar kröfur gerðar um áætlanir um samtengingarumferð og viðurlög við frávikum frá því sem fyrra viðmiðunartilboðið fól í sér. Fellst Atlassími á nauðsyn þess að Símanum séu veittar ásættanlegar áætlanir, en getur ekki fallist á það að Síminn geti krafist greiðslu fyrir áföllnum kostnaði ef áætlanir standast af einhverjum orsökum ekki. Óskað er eftir að viðurlög við frávikum verði milduð verulega og þolanlegur frávikarammi rýmkaður.

Vodafone mótmælir einnig umræddu ákvæði um kostnað vegna endurskoðunar enda sé um óskýrt ákvæði sem er til þess fallið að vera viðsemjendum Símans íþyngjandi.

IPF telur ákvæðið mjög óljóst og í ljósi þess, óásættanlegt og spyr hvort ákvæðið þýði að Síminn geti einhliða krafði viðsemjanda um tæknivinnu, kostnað við sambönd innan kerfis Símans o.fl. ef áætlanir gangi ekki eftir. Telur IPF að í samkeppnisumhverfi þar sem Síminn hafi yfirburðastöðu geti á engan hátt talist eðlilegt að Síminn geti krafði keppinauta sína um aukinn kostnað ef áætlanir þeirra í samkeppni við Símann gangi ekki eftir.

Þá telur IPF að Síminn einn geti áætlað símaumferð fyrir hönd sinna eigin viðskiptavina og því óeðlilegt að ábyrgð á áætlunum sé alfarið á höndum viðsemjanda.

Í svari Símans, dags. 8. mars s.l. kemur fram að ákvæðið sé þríþætt; samtengingarsambönd, samtengingarumferð og önnur þjónusta. Síðan sé tilgreint hvaða atriði þurfi að vera í hverjum þætti. Megininntak ákvæðisins er að samningsaðilar Símans þurfi að leggja fram áætlanir í október fyrir komandi ár og þurfi að breyta þeim tímanlega. Ef þeir hunsu það að leiðrétta áætlanir þá áskilji Síminn sér rétt til að senda þeim reikning fyrir kostnaði sem myndast þess vegna, þ.e. þeim kostnaðarauka sem Síminn verður fyrir vegna skorts á upplýsingum tímanlega um áætlanir viðsemjanda. Leggur Síminn til að hugsanlega megi bæta orðalag með því að tala um kostnaðarauka í stað kostnaðar.

Í svari Símans vegna athugasemda Atlássíma um sama efni leggur Síminn áherslu á að aðeins sé um það ræða að viðsemjendur þurfi að taka einhverja ábyrgð á sínum upplýsingum ef veruleg frávik frá þeim verða til að valda óþarfa aukakostnaði. Ef ekki verður til aukakostnaður vegna frávika verður ekki um neina innheimtu að ræða.

### **3.8.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er það eðlileg krafa að gerðar séu áætlanir um samtengingarsambönd, samtengingarumferð og aðra þjónustu sem fyrirsjáanleg er á komandi ári. Ljóst er að Síminn getur orðið fyrir kostnaði skeiki slíkar áætlanir mjög miklu. Eðlilegt verður að telja að viðsemjandi beri hallan af því að áætlanir hans ganga ekki eftir. Eingöngu er um það að ræða að viðsemjandi standi straum af beinum og útlögðum kostnaði sem Síminn hefur orðið fyrir í slíkum tilfellum. Hins vegar hlýtur það ávallt að vera á ábyrgð Símans að færa sönnur á að frávik frá uppgefnum áætlunum viðsemjanda hafi leitt til auka kostnaðar hjá fyrirtækinu.

Í ljósi þessa leggur Póst- og fjarskiptastofnun til að 1. mgr. greinar 3.5 verði orðuð með eftirfarandi hætti:

*“Viðsemjandi skal leggja fram áætlanir, um samtengingarsambönd, samtengingarumferð og aðra samtengingarþjónustu sem nær yfir allt næsta almanaksár (12 mánuði) í októbermánuði ár hvert. Áætlanir skulu endurskoðaðar eins og þörf er á. Ef áætlanir eru ekki uppfærðar er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi. Ef endurskoðun á áætlunum fela í sér verulega breytingu á áætlunum næstu 3 mánuði er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.*”

### **3.9 Grein 3.6. Viðurlög og frávik frá áætlunum**

*“Áætlanir um samtengingarumferð skulu bornar saman við raunverulega samtengingarumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.*

*Ef samtengingarumferð fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.*

*Ef frávik frá áætlunum um aðra samtengingarþjónustu verður verulegt getur Síminn krafist þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.*

*Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim en ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.”*

#### **3.9.1 Athugsemdir hagsmunaaðila**

Í greininni er fjallað um viðurlög og frávik frá áætlunum, en vísað er til álags umfram 25% en var áður 50% telur Vodafone ákvæðið vera íþyngjandi sérstaklega fyrir nýja aðila á markaði og skilgreiningar á viðurlögum óskýr.

Í umsögn IPF kemur fram að fyrirtækið telji ákvæðið í heild einkennast af “and-samkeppnislegum” sjónarmiðum eða einokunartilburðum, þar sem leitast er við að refsa viðsemjanda bæði ef áætlanir fara yfir eða undir markmið. Telur IPF þetta sjónarmið andstætt eðli gagnkvæmra viðskipta á grundvelli samtengisamnings, þar sem ætla má að hann skapi Símanum umtalsverðar tekjur. Aukin samtengiumferð er Símanum klárlega hagfelld og því alls kostar óeðlilegt að beita “viðurlögum” ef svo fer. Auk þess sem viðsemjandi er í samkeppni við Símann.

Síminn hafnar því að ákvæðið sé óskýrt og að fyrirvari Símans sé íþyngjandi fyrir viðsemjendur. Telur fyrirtækið að með þessu ákvæði sé eingöngu verið að reyna að fá upplýsingar fram tímanlega svo Síminn geti uppfyllt þarfir viðsemjanda á réttum tíma og á hagkvæman hátt.

#### **3.9.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Eins og fram kemur í umfjöllun Póst- og fjarskiptastofnunar um grein 3.5. telur stofnunin að gerð áætlana sé nauðsynleg og að Síminn geti orðið fyrir kostnaði ef áætlanir ganga ekki eftir. Þá er það enn fremur niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Síminn geti í þeim tilfellum sem áætlanir ganga ekki eftir aðeins krafist þess að viðsemjandi greiði einungis beinan áfallinn aukakostnað sem fyrirtækið hefur orðið fyrir. Stofnunin telur því að umrætt ákvæði um viðurlög um frávik frá áætlunum sé eðlilegt.

### **3.10 Grein 3.7. Breytingar í símstöðvum**

*“Breytingar á skilgreiningum í símstöðvum sem áhrif hafa á net gagnaðila þarf að tilkynna með góðum fyrirvara og að lágmarki með 5 virkum dögum. Vinna til aðlögunar er samkvæmt verðskrá um útselda vinnu Símans”*

### 3.10.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone og Atlassími benda á að ákvæðið eigi að vera gagnkvæmt og að ákvæðið eigi við báða samningsaðila þannig að greitt sé fyrir útselda vinnu Símans og samningsaðila eftir atvikum.

IPF bendir á að hér áskilji Síminn sér einhliða rétt til þess að innheimta kostnað skv. verðskrá um útselda vinnu. Telur fyrirtækið það óeðlilegt í ljósi þess að samtenging skapi Símanum tekjur og því óeðlilegt að gerð sé krafa um að viðsemjandi greiði fyrir tímavinnu starfsmanns Símans í tengslum við vinnu þar að lútandi.

Fram kemur í umsögnum Símans að ákvæðið fjalli um skilgreiningar í símsstöðum og sé sett inn í viðmiðunartilboðið til að forðast óþarfa kostnaðarauka í samtengingunni. Fjallað sé um breytingar sem viðsemjandi gerir sem eru þess valdandi að gera þarf samsvarandi breytingar í símsstöðvum Símans.

### 3.10.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun telur að hér eigi sama meginregla að gilda og fjallað er um í kafla 3.5.2. þar sem kveðið er á um breytingar á grein 3.1. þ.e. að sá aðili sem fer fram á breytinguna beri þann kostnað sem af henni hlýst. Í ljósi þessa er lagt til að grein 3.7 verði orðuð með eftirfarandi hætti:

*“Breytingar á skilgreiningum í símsstöðvum sem áhrif hafa á net gagnaðila þarf að tilkynna með góðum fyrirvara og að lágmarki með 5 virkum dögum. Ef breytingar eru nauðsynlegar vegna framþróunar búnaðar eða staðla ber hvor aðili sinn eigin kostnað. Ef breytingar eiga rót að rekja til annarra atriða ber sá aðili sem fer fram á breytinguna allan kostnað sem af breytingunni hlýst þ.m.t. kostnað viðsemjanda*

## 3.11 Grein 3.8. Tæknilegir skilmálar og hæfi

*“Fjarskiptabúnaður skal vera með viðurkenningu um að uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað. Tækniskilmálar sem búnaður þarf að uppfylla er samkvæmt viðauka 2.*

*Til að sannreyna samhæfni búnaðar í samtengipunkti er farið eftir skilmálum í viðauka 4.*

*Símanum er heimilt að krefjast þess að viðsemjandi leggi fram gögn er staðfesti, að þeir sem sjá um viðhald og rekstur búnaðar sem getur haft áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.*

*Nú uppfyllir viðsemjandi ekki skilyrði skv. 1.-3. mgr. og getur Síminn þá hafnað samtengingu við viðsemjanda að öllu leyti eða að hluta.”*

### 3.11.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í umsögn IPF kemur fram að fyrirtækið telur það ekki hlutverk Símans að setjast í dómarasæti, heldur þar til bærra yfirvalda, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnunar. Eðlilegra er að kveðið sé á um að ef ágreiningur myndist um tæknilegt hæfi, staðla eða öryggiskröfur, sé því vísað til Póst- og fjarskiptastofnunar.

### 3.11.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Orðalag ákvæðisins kemur ekki í veg fyrir að viðsemjandi Símans geti vísað ágreiningi sem sprottin væri um þau atriði sem nefnd eru í ákvæðinu til Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 63/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Eðlilegt verður að telja að gerð sé krafa um að fylgt sé viðurkenndum stöðlum. Þá styðst krafa um tæknilega færni starfsmanna við 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, sem er svo hljóðandi:

*“Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að starfsmenn þeirra sem vinna við uppsetningu og viðhald fjarskiptavirkja hafi fengið nauðsynlega þjálfun. Fjarskiptafyrirtæki skulu upplýsa starfsmenn sína um þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um hæfniskröfur til þeirra sem starfa við almenn fjarskiptavirki”*

Með vísun til ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við grein 3.8. í viðmiðunartilboði Símans um tæknilega skilmála og hæfi starfsmanna.

## 3.12 Grein 4.1.1. Samtengingarumferð

*“Samtengingarþjónusta er verðlögð samkvæmt viðauka 1a og 1b. Verðeiningar eru fjöldi símtala (B-svör) og lengd hvers símtals (í sekúndum). Mínútuverðið getur verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða almennan taxa eða kvöld-, nætur og helgardagataxa.*

*Merkjaumferð sem ekki er gjaldfærð með símtalagjöldum er gjaldfærð samkvæmt viðauka 1a.*

### 3.12.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone bendir á í umsögn sinni að kominn sé nýr gjaldaliður vegna merkjaumferðar og telur fyrirtækið enga leið fyrir viðsemjendur að átta sig á réttmæti þeirrar gjaldfærslu án kostnaðargreiningar.

Í umsögn IPF varðandi sérstakt gjald fyrir merkjaumferð bendir IPF á að tengigjöld hafi upphaflega verið sett til þess að standa straum af kostnaði við merkjasendingar. Þar sem Síminn vilji nú innheimta fyrir merkjasambönd, telur fyrirtækið að tengigjöld vegna símaumferðar eigi að falla niður en taka eigi upp sérstakt gjald fyrir merkjasambönd.

Í bréfi Símans, dags. 8. mars s.l. kemur fram að síaukin notkun á merkjaleiðum hafi fjarskiptafyrirtæki erlendis þurft að bregðast við með því að hefja sérstaka gjaldtöku á notkun þeirra. Merkjaumferð sem gjaldfærð er með símtalagjöldum er undanskilin þessu. Síminn sé með þessum ákvæðum að undirbúa slíkt hið sama.

### 3.12.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Af skýringum Símans má ráða að ekki sé gjaldfært fyrir merkjaumferð sem tengist almennri símaumferð, enda væri slíkt í andstöðu við 9 gr. reglna um viðmiðunartilboð



nr. 94/2002 en þar segir að ekki megi gjaldfæra fyrir merkjasendingu ofan á símtalagjöld.

Með ákvæðinu er Síminn að undirbúa gjaldtöku fyrir merkjasendingar, sem ekki tengjast almennri símaumferð. Ekkert gjald er hins vegar komið á þennan flutning. Af því gefnu að í sambærilegum viðmiðunartilboðum sé tekið gjald fyrir þessa þjónustu er erfitt að sjá rök fyrir því að Símanum sé ekki heimilt að gera slíkt hið sama. Ljóst er hins vegar að Póst- og fjarskiptastofnun mun fara fram á rökstuðning af hálfu Símans fyrir gjaldinu þegar og ef það tekur gildi og einnig hvaða merkjasendingar komi til með að falla undir þennan gjaldalið. Í útgáfu 3.4 sem tekur gildi 1. ágúst 2007 er ekki komið gjald fyrir þessa tilteknu þjónustu og er því ekki ástæða til að fjalla frekar um þennan lið.

### **3.13 Grein 4.1.2 Tengingargjöld, 4.1.3 Leigulínur og 4.1.4. Kostnaðardeiling**

Grein 4.1.2 Tengingargjöld

*“Viðsemjandi greiðir stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum. Verð er tilgreint í viðauka 1a.*

*Síminn greiðir viðsemjanda ekki stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum”*

Grein 4.1.3. leigulínur

*“Kostnað við leigulínur sem Síminn leggur til milli samtengingarpunkta samningsaðila, er skipt milli þeirra (miðað við fullnýtta samtengistrauma) skv. Grein 4.1.4. Viðsemjandi ber sjálfur kostnað af leigulínunum sem hann kann að leggja til.”*

Grein 4.1.4. kostnaðardeiling

*“Síminn tekur hlutfallslega miðað við nýtingu, þátt í mánaðargjöldum vegna strauma (sbr. verðskrá Viðauka 1a gr. 1.1. liður 2 og 3) og leigulína milli Símans og viðsemjanda, skv. lið 4.1.3, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum;*

*Lúkningarverð viðsemjanda er að hámarki 25% hærra en lúkningarverð Símans m.v. dagtaxta og að hámarki 40% hærra m.v. KNH taxta fyrir lúkningu samskonar umferðar. Skal þessi verðmunur fara lækkandi uns fullri jöfnun samtengingargjalda er náð.*

*Símanúmer sem skilgreind eru í neti viðsemjanda eru yfir 10.000 númer og hagstæð umferð Símans er að lágmarki 12%.*

*Að þessum skilyrðum uppfylltum er Síminn tilbúinn að taka þátt í mánaðarlegum kostnaði af fullnýttum samtengingarsamböndum að þeim hluta sem hagstæð umferð Símans er í heildaumferð, þó að hámarki helming umferðar. Fullnýtt samtengingarsamband miðast við 500.000 mínútur á mánuði. Viðmiðunartímabil er ávallt nýliðinn ársfjórðungur. Öll vannýtt samtengingarsambönd og þau sem ekki uppfylla ofangreinda skilmála greiðir viðsemjandi.*

*Hagstæð umferð Símans telst vera sú umferð sem fellur undir eftirfarandi flokkun;*

<b><i>Hagstæð umferð Símans</i></b>
<i>Tilorðin umferð í fastaneti Símans sem ljúka á í hefðbundnu símanúmeri viðsemjanda</i>
<i>Tilorðin umferð í neti viðsemjanda sem ljúka á í þjónustunúmerum hjá Símanum og Síminn innheimtir fyrir hjá þjónustuveitanda</i>
<i>Umferð sem tilorðin er í neti viðsemjanda og hagnýtir sér forval til Símans</i>
<i>Tilorðin umferð í neti viðsemjanda sem ljúka á í internet innhringingu tengdafastaneti Símans</i>
<i>Tilorðin umferð í farsímaneti Símans sem ljúka á í hefðbundnu símanúmeri viðsemjanda.”</i>

### **3.13.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í umsögn Atlassíma vekur fyrirtækið athygli á því að Síminn afsali sér öllum skyldum til að greiða fyrir tengingar og þjónustu sem þó sé eðlislík þeirri sem Síminn krefst sjálfur greiðslu fyrir úr hendi viðsemjanda. Telur Atlassími með öllu óásættanlegt að Síminn geti einhliða hafnað greiðslu fyrir sambærilega vinnu og/eða tengingar enda hafi orðið til beinn kostnaður við framkvæmd samtengingar við Símann hjá viðsemjanda. Óskar Atlassími eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun hlutist til um að ákvæðið verði fellt niður.

IPF telur einnig óeðlilegt í umsögn sinni að viðsemjandi sé látinn afsala sér þeim rétti að innheimta sambærileg gjöld fyrir aðgengi að fjarskiptaneti og rekstargjöld vegna samtengingar í ljósi þess að samtengisamningur feli í sér gagnkvæma hagsmuni og skapi Símanum verulegar tekjur í formi lúkningar á símtölum, auk þess telur IPF að Síminn hafi almennt hærri tekjur af samtengiumferð, þar sem innan nets Símans eru ýmiss þjónustunúmer, s.s. 118, 800 númer, 900 númer, internetveitur auk fjölda opinberra stofnana sem valda því að yfirleitt er meiri símaumferð frá neti viðsemjanda í net Símans en frá Símanum í net viðsemjanda.

Telur IPF að öll stofngjöld, rekstrargjöld, gjöld fyrir útselda tímavinnu vegna samtengingar sem einhliða fellur á viðsemjanda sé einungis til þess fallin að skapa markaðslegar hindranir sem gera nýjum aðilum erfiðara fyrir en ella að hefja samkeppni á markaði fyrir talsímaþjónustu.

Telur IPF ennfremur að viðhalda beri gagnkvæmum rétti viðsemjanda að innheimta sambærileg gjöld fyrir tengingu inn á samtengisvæði viðsemjanda og mánaðarleg rekstrargjöld í hlutfalli við þær tekjur eða símaumferð sem flutt er um samtengisamböndin.

Telur IPF að fram þurfi að fara endurskoðun á þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar skiptingu tengigjalda og annars kostnaðar sem fellur til vegna samtengingar.

Í umsögn Vodafone kemur einnig fram að samningur eigi að vera gagnkvæmur hvað þessa gjaldaliði varðar og hafnar Vodafone því að Síminn skuli ekki greiða viðsemjanda stofn- og rekstrargjöld o.s.frv. á sama hátt og viðsemjandi greiði Símanum slík gjöld. Þá leggur Vodafone til að miða eigi við að 250.000 mínútur við útreikninga á fullnýttu samtengingarsambandi.

Í svari Símans varðandi þá athugasemd að fyrirtækið greiði ekki tengingargjöld til viðsemjanda kemur fram hjá fyrirtækinu að það sé ekki Síminn sem óski eftir samtengingu og hafi að líkindum engan hag af henni. Hagur viðsemjandi sé aftur á móti ótvíræður, þar sem tenging við Símann gefi viðsemjandi kost á sambandi við öll fjarskiptanet landsins og umheimsins. Þess vegna hafi viðsemjandi áhuga á að tengjast fjarskiptaneti Símans og því eðlilegt að hann greiði áfallinn kostnað Símans við tenginguna. Viðsemjandi getur komist hjá þessum kostnaði með því að velja að tengjast ekki Símanum. Síminn hafi hins vegar ekkert val og því sanngjarnt að áfallinn kostnaður sem til fellur vegna ákvörðunar viðsemjanda, fáiast greiddur.

Í athugasemdum Símans, dags. 8. mars er lýsing á því hvernig viðmiðið 500.000 mínútur á fullnýttu samtengingarsambandi er reiknað út:

*“Heildar fjöldi mínúta á mánuði er misjafn eftir mánuðum; skiptir hér máli hvort mánuðurinn er 28, 30 eða 31 dagar. Ef miðað er við 30 daga þá eru  $30 \cdot 24 \cdot 60 = 43.200$  mínútur í þeim mánuði. Ef miðað er við 30 daga þá gera þau 1.296.000 mínútur. 500.000 mínútur er þá 38,58% af þeirri tölu, þ.e. innan við 40%. Ef við tökum frá 25% sem öryggisstuðul (972.000 mín eftir) og gerum ráð fyrir að hámarksálag (þ.e. toppur nýtir eingöngu 75% af samböndunum) sé 2svar á sólarhring og taki 4 klst, þá gerir það 324.000 mínútur. Það sem á vantar upp í 500.000 eru því 176.000 mínútur sem eru um 20% nýting á samböndunum fyrir utan toppálagstíma. Ef ennfremur er gert ráð fyrir að engin umferð sé á nóttunni (00:00-8:00), þá er álagið á daginn fyrir utan toppálagstíma eingöngu 40%.”*

Í svari Símans kemur fram að Síminn bjóði upp á kostnaðardeilingu þrátt fyrir að þurfa að tengja hvern sem er inn í sitt fjarskiptakerfi. Ekki sé gefið að allar tengingar séu hagstæðar fyrir Símann og ósanngjarnt að viðskiptavinir Símans þurfi að greiða niður tengingu viðskiptavina annarra fjarskiptafyrirtækja.

Með bréfi, dags. 11. júní 2007, var þeim fjarskiptafyrirtækjum sem áður höfðu skilað inn umsögn um viðmiðunartilboðið gefin kostur á að koma með athugasemdir við þær breytingar sem gerðar höfðu verið af hálfu Símans á 4. kafla. Engar athugasemdir bárust frá fyrirtækjunum varðandi þessar tilteknu breytingar.

### **3.13.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Breyting Símans frá útgáfu 3.3. á grein 4.1.4. þar sem fjallað er um kostnaðardeilingu, er í fyrsta lagi að fellt er út skilyrði um að viðsemjandi skuli bjóði upp á möguleika á forvali og föstu forvali til Símans í sínu neti, enda skilyrðið í andstöðu við 53. gr. fjarskiptalaga, þar sem talað er um að fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skuli bjóða um á forval og fast forval. Í öðru lagi er nú fellt út að viðsemjandi samþykki sömu verð fyrir lúkningu sams konar umferðar og í staðinn er komið skilyrði um að lúkningarverð viðsemjanda megi ekki fara yfir ákveðnar prósentu tölur. Í þriðja lagi er nú kveðið á um að þau númer sem skilgreint eru í neti viðsemjanda fækkað úr 40.000 niður í 10.000.

Með vísun til þeirra skýringa og útreikninga sem fram koma hjá Símanum varðandi útreikninga á fullnýttu samtengingarsambandi eru ekki tilefni til að gera athugasemdir við að nota 500.000 mínútur sem viðmið við útreikninga á fullnýttu samtengingarsambandi.

Fjallað er um samtengingarsambönd í 7. gr. reglna um viðmiðunartilboð sem hljóðar svo:

*“Upplýsa skal um mismunandi tegundir flutningsleiða sem til boða standa til þess að tengja saman aðskilin net. Fyrir hverja flutningsleið þarf að lýsa hvaða tækni er notuð við flutninginn og hver er bandbreidd leiðarinnar. Það ber að taka fram hvort flutningsleiðir verði einátta eða tvíátta. Ef tilboðsgjafi gerir kröfur um lágmarksrásafjölda eða lágmarksflutningsgetu sambanda er nauðsynlegt að taka það fram í tilboðinu.*

*Verðskrá fyrir sambönd á að innihalda a.m.k. stofngjald og fastagjöld fyrir línur (eða rásir) og innganga á netum eða stöðvum. Þegar um tvíátta sambönd er að ræða skal taka fram hver er kostnaðarskipting milli samtengingaraðila. Heimilt skal vera að nota sambönd í eigu annars hvors aðilans eða leigja af þriðja aðila. Upplýsa skal um afhendingartíma frá því að fyrsta skriflega pöntun er gerð um samtengingu við net eða sírstöð og um afhendingartíma fyrir aukningu á flutningsgetu. Upplýsa skal um stysta samningstímabil sem hægt er að semja um. Taka verður fram hvaða gæðakröfur hver tegund sambands uppfyllir, þ.m.t. hlutfall þess tíma sem sambandið er nothæft og viðbragðstíma þegar bilun verður á sambandi sem er látið í té af tilboðsgjafa. Gæðakröfurnar mega taka mið af reynslutölum tilboðsgjafa.”*

Eins og fram kemur hér að ofan var fjarskiptafyrirtækjum gefinn kostur á að koma með athugasemdir við þær breytingar sem gerðar höfðu verið á kaflanum, engar athugasemdir bárust. Í því ljósi er ekki ástæða fyrir Póst- og fjarskiptastofnun að gera athugasemdir við ákvæði 4.1.3. leigulínur og ákvæði 4.1.4. kostnaðardeiling, enda uppfyllir kaflinn þau formskilyrði sem fram koma í 7. gr. reglna um viðmiðunartilboð s.s. vísun til viðauka 1a og 1b varðandi verð fyrir þjónustuna, kostnaðarskiptingu o.fl.

Eina atriðið sem en er ágreiningur um er það skilyrði Símans að fyrirtækið greiði ekki viðsemjanda stofngjald eða mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum í grein 4.1.2. Í umsögn Símans varðandi þessa athugasemd kemur fram að fyrirtækið greiði ekki tengingargjöld til viðsemjanda þar sem það sé ekki Síminn sem óski eftir samtengingu og hafi að líkindum engan hag af henni. Póst- og fjarskiptastofnun getur ekki fallist á það sjónarmið Símans að það sé ekki hagur fyrirtækisins að tengjast öðrum netum. Hlýtur það að varða verulega hagsmuni viðskiptavina fyrirtækisins að geta hringt í notendur annarra neta sem og að nálgast þjónustu sem sem þar er í boði. Markmiðið um að allir geti hringt í alla varða því sameiginlega hagsmuni fjarskiptafyrirtækjanna og er hornsteinn reglunnar um gagnkvæma samtengiskyldu. Eins og áður hefur komið fram eiga fjarskiptafyrirtæki bæði rétt á samtengingu við önnur fjarskiptanet og bera jafnframt skyldu til að semja um samtengingu, sbr. 24. gr. fjarskiptalaga. Í því sambandi hefur því verið slegið föstu að hugsanlegur hagnaður eða tap hafi ekki áhrif á þá skyldu.

Tilgangur með samtengingu er m.a. sá að koma á gangvirkri þjónustu þannig að áskrifendur Símans geti haft samband við áskrifendur annarra fjarskiptaneta og öfugt.

Í athugasemdum þeirra fyrirtækja sem skiluðu inn umsögn um viðmiðunartilboð Símans er m.a. lögð áhersla á að öll mánaðar- og uppsetningagjöld séu gagnkvæm. Þessu tengist einnig því skilyrði sem Síminn setur upp í viðmiðunartilboði grein 4.1.4.

um kostnaðardeilingu og þátttöku Símans í mánaðarlegum kostnaði tengingargjalda og sambanda. Engar kvaðir eru hins vegar á viðsemjendum Símans samkvæmt fjarskiptalögum að því er viðkemur samtengingu nema þær sem leiddar verða af 24. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um rétt og skyldu til samtengingar.

Ágreiningslaust ætti að vera að báðir aðilar leggja í einhverja vinnu við uppsetningu samtengisambanda og framkvæmd samtengingar og að til verður kostnaður hjá báðum aðilum. Í því ljósi hlýtur að teljast eðlilegt að þau fjarskiptafyrirtæki sem semja við Símann ættu að einhverju leyti að geta krafist Símann um sambærilegan kostnað og Síminn er að krefja viðsemjendur sína um. Í hve miklu mæli eða nákvæmlega fyrir hvað Síminn ætti hugsanlega að greiða fyrir aðgang að öðrum netum ræðst væntanlega af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig og ekki eru forsendur til þess í þessu máli að kveða á um að öll mánaðar- og uppsetningargjöld séu gagnkvæm. Með vísun til þessa og 24. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um að fyrirtæki skuli semja um skilmála samtengingar verður að telja að skilyrði greinar 4.1.2 þar sem kveðið er á um að Síminn greiði viðsemjanda ekki stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum, sé full afdráttarlaust og takmarki rétt fjarskiptafyrirtækja til að semja um samtengingu við Símann, þar sem Síminn gæti í viðræðum um samtengingu borið fyrir sig tilvitnað ákvæði.

Með vísun til ofangreinds leggur Póst- og fjarskiptastofnun til að eftirfarandi málsgrein verði felld út úr grein 4.1.2. viðmiðunartilboði Símans:

*“Síminn greiðir viðsemjanda ekki stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum”*

### **3.14 Grein 5.1.1. Uppgjörstímabil**

*Uppgjörstímabil fyrir samtengingarumferð milli viðsemjanda og Símans, svo og fyrir samtengingarþjónustu, miðast við almanaksmánuð.”*

#### **3.14.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í athugasemdum IPF er bent á að ákvæði um gjalddaga og eindaga séu felld út miðað við fyrri viðmiðunartilboð. Telur IPF að vegna mjög stífra og einhliða riftunarákvæða af hálfu Símans, að nauðsynlegt sé að kveða skýrt á um hvaða gjalddagar og eindagar gildi. Leggur fyrirtækið til að sömu viðmið verði notuð og í eldri samningi.

#### **3.14.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Póst- og fjarskiptastofnunar tekur undir með IPF um að nauðsynlegt sé að skilgreina skýrt á um hvaða gjalddagar og eindagar séu á reikningum vegna samtengiumferðar

### **3.15 Grein 5.1.5. Skýrslur um samtengingarumferð**

*“Samningsaðilar skulu senda skýrslur um forsendur reikningafærslunnar (á rafrænu formi samkvæmt nánara samkomulagi) strax að loknu uppgjörstímabili, þó eigi síðar en tíunda dag næsta mánaðar eftir að viðkomandi uppgjörstímabili er lokið”*

### **3.15.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í athugasemdum IPF kemur fram að frestur sé stytur til að senda forsendur reikningsfærslu úr 15 dögum m.v. fyrri samning í 10 daga. Telur fyrirtækið að öll þrenging sem þessi sé óhagstæð nýjum aðilum og leggur til að ákvæðið sé rýmkað enn frekar og fært í það horf sem tíðkast í gagnkvæmum viðskiptasamningum.

### **3.15.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Ekkert er fram komið sem leiða ætti til þess að lengja eigi þennan frest frá því sem fram kemur í viðmiðunartilboðinu. Miklu skiptir fyrir alla aðila að upplýsingar liggi fyrir sem allra fyrst varðandi magn umferðar sem og annað sem skiptir máli varðandi uppgjör á milli aðila. Auk þess sem skoða verður þessa grein í samhengi við grein 5.2.1. hér að neðan.

Því er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að greinin skuli standa óbreytt.

## **3.16 Grein 5.2.1. Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna samtengingarumferðar**

*“Reikningaútskrift fyrir samtengingarumferð skal byggð á skýrslum og mælingum á samtengingarumferð frá viðkomandi samningsaðila. Með sendum reikningum skulu fylgja skýrslur um forsendur reikningafærslunnar.*

*Ef gagnaðili kýs að mæla og skrá einnig viðkomandi umferð er honum heimilt að bera saman grundvöll móttækis reiknings við þá mælingu. Ef samanburðurinn leiðir í ljós 2% eða meiri mun á reikningafærslum, er honum heimilt að gera athugasemd við grundvöll reikningafærslunnar. Ef athugasemd er þá gerð, er báðum samningsaðilum skylt að vinna sem fyrst að lausn málsins eftir bestu getu.*

*Ef samanburður leiðir í ljós of lágan reikning og aðili bregst ekki við athugasemd með því að senda leiðréttan reikning innan 3ja mánaða fellur niður réttur til leiðréttingar. Þó fellur rétturinn ekki niður ef ætla má að aðgerðir gagnaðila hafi leitt til lægri reiknings aðila.*

*Ef ekki tekst að finna lausn innan 2ja mánaða og samanburður leiðir í ljós of háan reikning, eru aðilar skyldaðir til að fara út í formlegar gjaldfærsluprófanir.*

*Ef samanburður leiðir ítrekað í ljós að mælingar annars aðilans séu rangar er hinum aðilanum heimilt að senda reikning fyrir leiðréttingarvinnunni.”*

### **3.16.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í athugasemdum IPF kemur fram að fyrirtækið telur rétt að samningsaðilar semji um uppgjörsaðferðir og leiðir til að stemma af reikninga hvors annars. Hins vegar telur IPF að einhliða ákvæði sem þessi og einhliða krafa um að heimild til leiðréttingar falli niður að 3 mánuðum liðnum sé óásættanleg og andstæð viðteknum venjum í gagnkvæmum viðskiptum.

Einnig gerir IPF athugasemd við 5. mgr. þar sem Síminn áskilji sér rétt til að senda reikning til viðsemjanda fyrir leiðréttingarvinnu án þess að það sé skilgreint um hvaða eða hvers konar vinnu sé að ræða. Telur IPF það grundvallarreglu að hvor aðili um sig

beri þann kostnað sem hlýst af réttmætum ábendingum um villu í reikningum, vinnu við afstemmingar eða ef upplýsist á seinni stigum að villur leynist í reikningum.

### **3.16.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Af lestri ákvæðisins má sjá að undirliggjandi er sú meginregla að aðilar semji um uppgjörsaðferðir að því er viðkemur samtengingarumferð og um gagnkvæman rétt samningsaðila til að gera athugasemdir við reikningsfærslur hvors annars er að ræða byggða á mælingum á umferð.

Þá telur Póst- og fjarskiptastofnun ekki óeðlilegt að almennt sé miðað við að heimild til leiðréttingar falli niður ef gagnaðili gerir ekki athugasemdir innan þriggja mánaða frá því að honum berst reikningur fyrir samtengiumferð enda verður ekki séð að slíkur frestur sé andstæður viðteknum venjum í gagnkvæmum viðskiptum.

Hvað varðar athugasemd IPF við 5. mgr. um að Síminn áskilji sér rétt til að senda reikning fyrir leiðréttingarvinnunni þá kemur fram berum orðum í málsgreininni að um gagnkvæman rétt aðila er að ræða ef mælingar annars aðilans eru ítrekað rangar. Telja verður eðlilegt að samningsaðili, sem hefur þurft að leggja ítrekað í vinnu vegna upplýsinga sem berast frá gagnaðila sem seinna er staðfest m.a. með formlegum gjaldfærsluprófunum að eru rangar, hafi heimild til að senda reikning fyrir leiðréttingarvinnunni.

Í ljósi ofangreinds getur Póst- og fjarskiptastofnun ekki fallist á athugasemdir IPF varðandi orðalag ákvæðisins.

## **3.17 Kafli 6 Vanefndir**

IPF gerði einnig athugasemdir við kafla 6 í heild sinni, án þess að færa nánari rök fyrir þeim athugasemdum sem fyrirtækið hafði fram að færa.

### **3.17.1 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Póst- og fjarskiptastofnun telur að þar sem IPF bendi ekki á nein sérstök ákvæði kaflans sem séu ósanngjörn eða andstæð almennum reglum um vanefndir séu engin rök til að hægt sé að leggja til að orðalag kaflans taki breytingum frá því sem nú er. Enda ekki annað séð en að skilmálar séu í samræmi við það sem almennt tíðkast við beitingu vanefndaúrræða.

## **3.18 Kafli 9 Þagnarskylda**

*“Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttækið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist til trúnaðarupplýsinga, sem halæða ber leyndum.*

*Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafí af broti á þessu ákvæði.*

*Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær eru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.*

*Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.*

*Þagnarskyldan skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.”*

### **3.18.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í athugasemdum IPF er lagt til að þagnarskylda varðandi trúnaðarupplýsingar skuli gilda í 3 ár í stað þeirra 5 sem viðmiðunartilboðið kveður á um.

### **3.18.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Póst- og fjarskiptastofnun sér ekki ástæðu til að leggja til að umræddu ákvæði verði breytt.

## **3.19 Kafli 12 Breytingar á samningnum**

*“Hvor samningsaðili hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum”*

### **3.19.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í athugasemdum IPF kemur fram að fyrirtækið telur að greinina megi túlka sem svo að viðsejandi afsali sér rétti til þess að fara fram á endurskoðun nema lögum um fjarskipti sé breytt og í ljósi þessa sé alls ómögulegt að fallast á þetta ákvæði ef það felur í sér afsal slíkra réttinda.

### **3.19.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Póst- og fjarskiptastofnun telur að athugasemd IPF hljóti að vera byggð á misskilningi. Fram kemur í umræddri grein að hvor samningsaðili geti óskað eftir breytingum á samningi og eru nefndar tvær ástæður sem réttlæt geta slíkt. *Í fyrsta lagi* ef forsendur hafi breyst verulega. Eðli málsins samkvæmt þá hlýtur það alltaf að verða sjálfstætt lögskýringaratriði í hvert sinn hvort svo háttar til að forsendur hafi breyst það verulega að þær réttlæti breytingar á samningunum. Hins vegar er ljóst af orðalaginu að IPF sem og önnur fjarskiptafyrirtæki geta farið fram á breytingar á samningnum með vísun í þetta tiltekna ákvæði. *Í öðru lagi* er síðan fjallað um breytingar á samningnum ef breytingar hafa orðið á lögum með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem þar koma fram. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar þarfnast þessi liður ekki frekari skýringa.

Í ljósi ofangreinds getur Póst- og fjarskiptastofnun ekki fallist á athugasemdir IPF varðandi orðalag ákvæðisins.

## **3.20 Kafli 14 Lögsaga og úrlausn ágreiningsefna**

*“Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.*



*Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.*

*Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.”*

### **3.20.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

IPF bendir á í athugasemdum sínum að fyrirtækið telur rétt og eðlilegt að kveðið sé á um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar um meðferð ágreiningsmála í samræmi við gildandi fjarskiptalög.

### **3.20.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Tilvísun greinarinnar í gildandi fjarskiptalög og lög um Póst- og fjarskiptastofnun er nægjanleg. Í 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 er t.d. kveðið á um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi lausn deilumála á milli fjarskiptafyrirtækja. Engin rök eru til þess að tiltaka hliðstæð ákvæði einnig í viðmiðunartilboðinu.

## **4.0 Samtengingargjöld**

Með bréfi, dags. 27. apríl 2007, tilkynnti Síminn um verðbreytingar í viðauka 1a, verðskrá fyrir samtengingarþjónustu Símans, sem taka áttu gildi 1. júní 2007. Með bréfi, dags. 7. maí 2007 tilkynnti Síminn að áður boðuðum verðskrárbreytingum hafi verið frestað til 1. ágúst 2007.

### **4.1 Rökstuðningur Símans fyrir hækkun á samtengingargjöldum**

Í bréfi Símans kemur fram að samanburðaraðferð sé notuð til að rökstyðja hækkun Símans. Þegar borin eru saman öll samanburðarlönd í Evrópu sé verð Símans eftir hækkun það þriðja lægsta á dagtaxta af öllum samanburðarlöndunum. Einungis tugmilljónaþjóðir, Bretland og Ítalía, bjóði lægra verð en Síminn. Að mati Símans fæst sú niðurstaða þrátt fyrir að samanburðarlönd séu mun fjölmennari og þéttbýlli en Ísland. Telur Síminn að velta megi því upp hvort ekki hefði verið eðlilegra að miða við strjálbýl lönd eingöngu en það hefði vafalaust skilað þeirri niðurstöðu að Síminn teldist bjóða lægstu verð af samanburðarlöndunum eftir verðbreytingu

Síminn tók einnig fram að lúkningarverð í fastanet Símans hafi ekki hækkað frá árinu 1999 þrátt fyrir verulega hækkun á verðlagi á sama tíma. Dregið hafi einnig verulega úr umferð í fastaneti Símans undanfarin ár en fastur kostnaður lækkað óverulega á móti. Er nú svo komið að arðsemi af rekstri fastanets Símans er óviðunandi.

Þessu til viðbótar benti Síminn á að verulegur munur sé á lúkningarverði Símans og annarra fjarskiptafyrirtækja. Átelur Síminn Póst- og fjarskiptastofnun fyrir að hafa ekki jafnað samtengiverð á talsímamarkaði og samkeppnisaðilar Símans komist því upp með að láta Símann niðurgreiða samkeppnisrekstur sinn. Skorar Síminn á Póst- og fjarskiptastofnun að jafna samtengiverð Símans og samkeppnisaðila til að skapa eðlilegar samkeppnisforsendur. Að öðru leyti vísaði Síminn til minnisblaðs fyrirtækisins sem rökstuðning fyrir hækkun samtengingjalda.

### Minnisblað Símans.

Með tilkynningu Símans um verðbreytingar fylgdi minnisblað, dags. 24. apríl 2007, sem ber heitið samanburður á samtengiverðum í talsíma. Samanburðurinn var byggður á upplýsingum frá fyrirtækinu Cullen frá því í desember 2006.

Samkvæmt minnisblaðinu er verðskrá samanburðarlanda skipt niður eftir mismunandi aðgangsstigum, algengast er að miðað sé við þrjár aðgangssleiðir; local, single transit (tandem), og double transit (tandem). Einnig er bent á að í sumum tilvikum geti verið mismunandi verð eftir því hvort um er að ræða samtengingu innan eða milli svæða. Samtengingipunktur í skiptistöðum samsvara því sem á ensku kallast “tandem” og er því reynt að miða samanburð við verðskrár aðila fyrir slíkan aðgang.

Í minnisblaðinu er yfirlit yfir þau samtengiverð sem nú eru í boði hjá Símanum og þau verð sem eru í gildi hjá Vodafone og IP fjarskiptum. Samtengigjöldin eru eftirfarandi:

#### Einingarverð (pr. mínútu /símtal)

ISK	Dagtaxti	KNH taxti	Tengigjald
Síminn	0,44	0,26	0,68
Vodafone	0,66	0,44	0,99
IP fjarskipti	0,66	0,44	0,99

#### Verðmunur milli Símans og samkeppnisaðila (Síminn grunnverð =100)

ISK	Dagtaxti	KNH taxti	Tengigjald
Síminn	100%	100%	100%
Vodafone	150%	169%	146%
IP fjarskipti	150%	169%	146%

#### Samanburður á verði

Samanburður í minnisblaði Símans er byggður á gögnum frá Cullen frá því í desember 2006. Verð eru uppgefin í eurocentum í grunni og þeim breytt í íslenskar krónur miðað við gengið 90 á evru. Skoðað er lúkningarverð í fastaneti hjá 15 samanburðarlöndum, “single tandem” eða sambærilegur aðgangur.

Tafla 1: Lúkningarverð á mínútu og tengigjald

Land	Svæði	Dagtaxti	KNH taxti	Tengigjald	
				Dag	KNH
Austurríki	Single Tandem	1,15	0,64		
Belgía	Extra access are	0,84	0,44	0,51	0,51
Bretland	Single Tandem	0,48	0,22		
Danmörk	IC- Areas(LRIC)	0,67	0,36	0,46	0,46
Finnland	Milli svæða	1,36	1,36		
Frakkland	Simple Transit	0,79	0,51	0,32	0,21
Grikkland	Single Transit	0,77	0,72		
Írland	Tandem	0,49	0,27	0,91	0,5
Ítalía	Single transit	0,66	0,44		
Noregur	IC areas	0,66	0,51	0,82	0,82
Portúgal	Simple transit	0,64	0,32	0,59	0,59
Spánn	Single tandem	0,9	0,54		

Sviss	National	1	0,5	0,74	0,37
Svíþjóð	Single tandem	0,67	0,51	0,44	0,44
Þýskaland	Single transit	0,79	0,53		
	<b>Meðaltal</b>	0,79	0,52	0,32	0,26

Til að fá betri samanburð telur Síminn að rétt sé að miða við verð á meðalsímtali. Forsendur Símans eru meðallengd símtala árinu 2006, miðað við innhringingar frá viðskiptavininum samkeppnisaðila.

**Tafla 2: Meðallengd símtala**

<b>Taxti</b>	<b>Lengd í mín.</b>
<b>Dagtaxti</b>	<b>2,94</b>
<b>KNH taxti</b>	<b>4,35</b>
<b>Tengigjald</b>	<b>1x pr. símtal</b>

Miðað við ofangreindar forsendur er meðalkostnaður á hvert símtal þegar hringt er í fastanet Símans 1,97 kr. á dagtaxta og 1,81 kr. á kvöld-, nætur og helgidagataxta.

**Tafla 3 : Samanburður Símans:**

Verð raðað eftir dag- og kvöldtaxta (miðað við forsendur um meðalsímtal)

Lönd	Svæði	Dagtaxti	Lönd	Svæði	KNH taxti
Bretland	Single Tandem	1,4	Bretland	Single Tandem	0,95
Ítalía	Single transit	1,95	Írland	Tandem	1,66
Grikkland	Single Transit	2,28	Ítalía	Single transit	1,93
Þýskaland	Single transit	2,33	Portúgal	Simple transit	2
Írland	Tandem	2,36	Danmörk	IC- Areas(LRIC)	2,01
Svíþjóð	Single tandem	2,42	Þýskaland	Single transit	2,31
Danmörk	IC- Areas(LRIC)	2,44	Spánn	Single tandem	2,35
Portúgal	Simple transit	2,47	Belgía	Extra access are	2,42
Spánn	Single tandem	2,65	Frakkland	Simple Transit	2,43
Frakkland	Simple Transit	2,66	Sviss	National	2,54
Noregur	IC areas	2,76	Svíþjóð	Single tandem	2,64
Belgía	Extra access are	2,97	Austurríki	Single Tandem	2,78
Austurríki	Single Tandem	3,39	Noregur	IC areas	3,03
Sviss	National	3,67	Grikkland	Single Transit	3,13
Finnland	Milli svæða	4	Finnland	Milli svæða	5,92
<b>Meðaltal án Símans</b>		<b>2,65</b>	<b>Meðaltal án Símans</b>		<b>2,54</b>

*Tilkynntar verðbreytingar Símans*

Samkvæmt minnisblaðinu er hækkun Símans á samtengiverðum fyrir dag-,kvöld, nætur og helgidagataxta um 22% en tengigjald er óbreytt. Þannig að verð á dagtaxta fer úr 0,44 í 0,54 og á kvöld-, nætur og helgidagataxta úr 0,26 í 0,32. Í töflu 4 má sjá hvað áhrif verðbreytingin hefur á röð samanburðarlanda. samkvæmt Símanum.

Verðmunur eftir verðbreytingar verður því 23% á dagtaxta, 39% á kvöld-, nætur og helgidagataxta í stað 50%, 69%, munur á tengigjaldi er óbreytt 46%.

**Tafla 4: Samanburður Símans eftir tilkynntar verðbreytingar**

Lönd	Svæði	Dagtaxti
Bretland	Single Tandem	1,4
Ítalía	Single transit	1,95
<b>Ísland (núverandi verð)</b>		1,97
<b>Ísland (skv. tilkynningu)</b>		2,26
Grikkland	Single Transit	2,28
Þýskaland	Single transit	2,33
Írland	Tandem	2,36
Svíþjóð	Single tandem	2,42
Danmörk	IC- Areas(LRIC)	2,44
Portúgal	Simple transit	2,47
Spánn	Single tandem	2,65
Frakkland	Simple Transit	2,66
Noregur	IC areas	2,76
Belgía	Extra access are	2,97
Austurríki	Single Tandem	3,39
Sviss	National	3,67
Finnland	Milli svæða	4
<b>Meðaltal án Símans</b>		<b>2,65</b>

Lönd	Svæði	KNH taxti
Bretland	Single Tandem	0,95
Írland	Tandem	1,66
<b>Ísland (núverandi verð)</b>		1,81
Ítalía	Single transit	1,93
Portúgal	Simple transit	2
Danmörk	IC- Areas(LRIC)	2,01
<b>Ísland (skv. tilkynningu)</b>		2,06
Þýskaland	Single transit	2,31
Spánn	Single tandem	2,35
Belgía	Extra access are	2,42
Frakkland	Simple Transit	2,43
Sviss	National	2,54
Svíþjóð	Single tandem	2,64
Austurríki	Single Tandem	2,78
Noregur	IC areas	3,03
Grikkland	Single Transit	3,13
Finnland	Milli svæða	5,92
<b>Meðaltal án Símans</b>		<b>2,54</b>

## 4.2 Athugasemdir hagsmunaaðila

Póst- og fjarskiptastofnun óskaði eftir afstöðu fjarskiptafyrirtækja til þeirra breytinga á samtengiverðskrá sem Síminn tilkynnti, með bréfi, dags. 11. júní 2007. Athugasemdir bárust frá Vodafone, með bréfi, dags. 25. júní 2007. Í þeim hluta athugasemdanna sem fjallar um fyrirhugaðar verðbreytingar segir fyrirtækið m.a. að fyrirtækið geti ekki fallist á að Símanum sé með þessum hætti heimilt að breyta samtengiverðum sínum. Aðgangstilskipunin kveði á um það að skilmálar samtengingar skuli vera í samræmi við þær kvaðir sem eftirlitsstofnunin hefur lagt á viðkomandi fyrirtæki. Í 1. mgr.7. gr. tilskipunarinnar segi að tryggt skuli að kvaðir sem hafi hvílt á fyrirtækjum samkvæmt eldri löggjöf skuli halda gildi sínu þar til markaðsgreining hafi farið fram og nýtt mat á kvöðum í kjölfar hennar, sbr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB. Ákvæði til bráðbirgða í fjarskiptalögum nr. 81/2003 mælir á sama veg. Vodafone telur því að Símanum sé ekki heimilt að breyta verðum fyrir samtengipjónustu fyrr en að lokið verði greiningu á viðkomandi markaði og tekin afstaða til þess hvaða kvaðir kunna að verða lagðar á Símann.

Vodafone getur auk þess ekki fallist á að Síminn hafi sýnt fram á að kostnaðarlegar forsendur séu fyrir umræddri hækkun. Óljós samanburður við 15 Evrópuríki sýnir þannig engan veginn að kostnaður Símans hafi hækkað svo mjög að réttlætt geti hækkun á gjöldum. Telur fyrirtækið þá aðferðarfræði sem lýst er í minnisblaði frá 24. apríl vera afar ófullkomna auk þess sem t.d. gengisviðmið er vafasamt. Ekki eru tilgreindar forsendur þess hvers vegna þau 15 lönd sem vísað er til í minnisblaðinu eru höfð til samanburðar. Þá er aðferðarfræði við útreikning á meðalverðum óskýr.

Að lokum vísar fyrirtækið því alfarið á bug að Síminn sé að niðurgreiða samkeppnisrekstur keppinauta sinna líkt og haldið sé fram í bréfi Símans frá 27. apríl enda yfirgnæfandi líkur á því að markaðsgreining leiði í ljós yfirburðarstöðu Símans á talsímamarkaði.

### 4.3 Athugasemdir Símans, dags. 19. júlí 2007

Með bréfi, dags. 3. júlí 2007 var Símanum gefinn kostur á að koma að athugasemdum við umsögn Vodafone. Svar Símans barst með bréfi dags. 19. júlí s.l.

Síminn mótmælir þeirri skoðun Vodafone að fyrirtækið hafi ekki heimild til að breyta samtengiverði sínu vegna áhvílandi kvaða á fyrirtækinu. Telur Síminn að fyrirtækið hafi þrátt fyrir kvaðir sem enn hvíla á fyrirtækinu frá tíð eldri laga rétt til að breyta verði fyrir samtengingarþjónustu, enda séu slík verð nægilega rökstudd. Þær kvaðir sem um ræðir fjalla um að Síminn hafi umtalsverða markaðshlutdeild á markaði fyrir samtengingu neta, beri að viðhafa bókshaldslega aðgreiningu með tilteknum hætti og að birtir skuli sundurliðaðir samtengiskilmálar og að Póst- og fjarskiptastofnun geti óskað eftir því að sýnt sé fram á að gjöld byggist á raunkostnaði, þar með talin eðlileg arðsemi af fjárfestingunni, og í einstökum tilfellum krafist breytinga á gjaldskrá og skilmálum.

Telur Síminn að verðbreytingarnar séu vel rökstuddar og að rökstuðningur byggður á svonefndri “benchmark” aðferð til að finna svonefnt “best practice” sé nægilegur og í samræmi við þá stjórnsluframkvæmd sem tíðkast hefur óslitið hjá Póst- og fjarskiptastofnun frá árinu 1999. Síminn hafi því réttmætar væntingar til þess að ætla að byggja megi á þeirri aðferð og jafngildi hún í því sambandi kostnaðargreiningu. Bendir Síminn jafnframt á að notkun “benchmark” aðferðarinnar við ákvörðun samtengiverða hafi verið viðurkennd af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, sbr. úrskurð nefndarinnar nr. 5/2006.

Hvað varðar rökstuðning með þeim breytingum sem Síminn boðaði, bendir Síminn á að unnið hafi verið útfra framangreindri “best practice” nálgun og verðskrá Símans borin saman við verðskrá annarra fjarskiptafyrirtækja sem ráðgjafafyrirtækið Cullen notar í sínum samanburðarrannsóknnum sem verður að teljast viðurkennd aðferð.

Bendir Síminn á að markmið Póst- og fjarskiptastofnunar sé að verð fjarskiptaþjónustu á Íslandi sé meðal þess sem best þekkist innan OECD landanna. Af hálfu Símans hafi verið sýnt fram á að Síminn verði meðal 3ja lægstu þegar verðbreytingarnar hafa tekið gildi.

Hvað varðar það gengisviðmið sem notað er í samanburðinum bendir Síminn á að miðað sé við 90 kr. sem er meðalgengi s.l. 12 mánaða þegar samanburðurinn var gerður og telur fyrirtækið að þar sem verðinu er breytt til lengri tíma þá sé óeðlilegt að krefjast þess að miða við sérstaklega sterkt gengi krónunnar um þessar mundir. Spár fjármálastofnana séu í þá veru að gengi krónunnar muni lækka á næstu misserum.

Þá vísar Síminn á bug órökstuddum fullyrðingum Vodafone um að aðferðarfræði við útreikning á meðalverðum sé óskýr. Við útreikning á meðalverðum er tekið mið af meðallengd símtala eins og hún er í kerfum Símans. Er það gert til að meta meðaltekjur fjarskiptafyrirtækja af meðalsímtali á dag-, kvöld-, nætur- og helgidagataxta.

Að lokum bendir Síminn á að afkoma vegna umræddrar þjónustu hafi versnað verulega undafarin ár.

## 4.4 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Þær verðbreytingar sem um er að ræða eru í viðauka 1a, verðskrá fyrir samtengingjónustu Símans. Breytingin er fólgin í því að lúkningargjald í gr. 2.1., 2.3., 2.6, og 2.10. hækkar á dagtaxta úr 0,44 kr. í 0,54 kr. og úr 0,26 kr. í 0,32 kr. á kvöld-, nætur og helgartaxta. Þá hækkar verð í gr. 4.1. um sömu upphæð.

Í bréfi Símans, dags. 27. apríl s.l. er vísað í fund með Póst- og fjarskiptastofnun, dags. 5. mars 2007, þar sem fyrirhugaðar verðbreytingar voru kynnar og lagt fram tilvitnaða minnisblað. Vegna þessa er rétt að taka fram að á umræddum fundi var engin afstaða tekin af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi fyrirhugða hækkun eða hvort að sú aðferðarfræði sem notuð var væri rétt. Stofnunin leit einnig svo á að ekki væri um formlegt erindi að ræða af hálfu Símans heldur aðeins einhliða kynning fyrirtækisins á erindi sem hugsanlega yrði sent stofnunin til meðferðar síðar.

### 4.4.1 Um verðbreytingar án undangengnar markaðsgreiningar

Í athugasemdum Vodafone kemur fram að fyrirtækið telur að Símanum sé óheimilt að breyta verðum fyrir samtengingjónustu fyrr en lokið verður greiningu á viðkomandi markaði og afstaða tekin til þess hvaða kvaðir kunna að verða lagðar á Símann. Eins og fram hefur komið hvílir sú skylda á Símanum að bjóða upp á samtengiverð sem byggja á kostnaði. Samkvæmt ákvæði til bráðbirgða II með núgildandi fjarskiptalögum skal viðhalda öllum kvöðum sem í gildi eru varðandi aðgang og samtengingu þar til endurskoðun hefur farið fram á grundvelli markaðsgreiningar. Samkvæmt 3. gr. kvaða um aðgang og samtengingu skulu gjöld byggjast á raunkostnaði, þar með talið eðlileg arðsemi af fjárfestingunni.

Síminn aftur á móti telur að þær kvaðir sem hvíla á fyrirtækinu samkvæmt ákvæðum eldri fjarskiptalaga verði ekki skildar á þann veg að fyrirtækinu sé óheimilt að breyta samtengiverðum sínum svo framarlega sem verðskrárbreytingaranar séu nægilega rökstuddar.

Ákvæði 3. gr. kvað um aðgang og samtengingu verður ekki skilið á þann veg að Símanum sé óheimilt að breyta þeim verðum sem falla undir kvöðina. Telja verður að ef ætlunin hafi verið að “frysta” öll verð sem voru í gildi samkvæmt eldri kvöðum þar til markaðsgreining hefur farið fram hefði þurft að kveða skýrt á um það í lögnum sjálfum og að slík íþyngjandi kvöð verður ekki lögð á Símann, án skýrrar lagaheimildar.

Með vísun til ofangreindra sjónarmiða verður ekki fallist á það með Vodafone að Símanum sé óheimilt að breyta verðskrá fyrir samtengingarþjónustu fyrr en markaðsgreiningu er lokið. Hins vegar er slík verðbreyting háð samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar.

### 4.4.2 Forsendur verðbreytinga Símans

Eins og fram kemur hér að ofan bendir Síminn á að lúkningarverð í fastanet Símans hafa ekki hækkað frá árinu 1999 þrátt fyrir verulega hækkun á verðlagi og bendir fyrirtækið jafnframt á að á sama tíma hafi umferð einnig minnkað. Ef litið sé til þeirrar þróunar sem verið hefur á samtengiverðum í nágrannalöndum okkar komi í ljós að almennt hafa þau staðið í stað eða þau hafa farið lækkandi frá árinu 1999.

**Tafla 5: Þróun samtengingargjalda  
Samtengingjöld**

	Samtengipjónusta (5)	1999 (1)	2003 (2)	2005 (3)	2007(4)
Ísland	Staðbundnar stöðvar	Ekki í boði	Ekki í boði	Ekki í boði	Ekki í boði
	Skiptistöðvar	1,08	0,83	0,83	0,83
Danmörk	Staðbundnar stöðvar	0,84	0,53	0,47	0,38
	Skiptistöðvar	1,18	0,77	0,72	0,56
Svíþjóð	Staðbundnar stöðvar	0,88	0,68	0,67	0,67
	Skiptistöðvar	1,19	0,90	0,90	0,89
Írland	Staðbundnar stöðvar	1,04	0,56	0,56	0,56
	Skiptistöðvar	1,60	0,88	0,88	0,76
Noregur	Staðbundnar stöðvar	N/A	N/A	N/A	N/A
	Skiptistöðvar	N/A	N/A	0,69	0,69
Bretland	Staðbundnar stöðvar	0,54	0,59	0,37	0,36
	Skiptistöðvar	0,82	0,82	0,52	0,53
Ítalía	Staðbundnar stöðvar	1,00	0,65	0,47	0,42
	Skiptistöðvar	1,60	1,05	0,84	0,74

(Samtengingjöld á mínútu, miðað við 3ja mínútna lúkningsímtal, með upphafsgjaldi í €)

1. Erlend gögn byggð á samanburði sem birtist með tilmælum framkvæmdarstjórnarinnar frá 20. mars 2000 nr. 2000/263/EB um breytingu á tilmælum 98/511/EB (Lúkningsgjöld)

2. Byggt á gögnum frá ANALYS <http://www.analys.com/atlas/> (aðgangsgjöld)

3. Byggt á gögnum frá fyrirtækjunum (Cullen) (aðgangsgjöld) (júní 2005)

4. Byggt á gögnum frá fyrirtækjunum (Cullen) (aðgangsgjöld) (júní 2007)

5. Til einföldunar byggist verðsamanburðurinn á gjöldum fyrir samtengingu í staðbundnum- og skiptistöðvum (e. local level og single tandem).

Af töflunni má sjá að samtengingargjöld hafa lækkað um allt að 53% frá árinu 1999. Á Íslandi lækkuðu þau í lok ársins 2000 um 23%. Sú lækkun var í framhaldi af niðurstöðu af svokallaðri Nordic Interconnection Benchmarking Study, sem er dagsett 12. október 1999.

#### *Um verð fyrir samtengingarþjónustu hér á landi*

Í bréfi Símans, dags. 27. apríl 2007 bendir fyrirtækið á að verulegur munur sé á lúkningsverði Símans og annarra fjarskiptafyrirtækja og átelur Póst- og fjarskiptastofnun fyrir að hafa ekki jafnað samtengiverð á talsímamarkaði.

Af þessu tilefni þykir Póst- og fjarskiptastofnun rétt að benda á að í þeim löndum þar sem markaðsgreiningu er lokið hefur niðurstaðan að því er varðar hvort samtengingargjöld í fastanetinu eigi að vera gagnkvæm eða ekki verið með eftirfarandi hætti:

Ekki Gagnkvæmni	Gagnkvæmni
<b>Gjöld allra ANO eru ekki háð eftirliti</b>	<b>Gjöld ANO eru jöfn gjöldum markaðsráðandi aðila</b>
Danmörk, Finnland, Írland, Luxemborg, Sviss	Austurríki, Noregi Svíþjóð (1), Bretland
<b>Gjöld ANO eru háð eftirliti byggt á gjöldum markaðsráðandi aðila plús X</b>	
Belgía, Þýskaland	
<b>Seinkuð gagnkvæmni (1)</b>	
Gjöld ANO mun verða það sama og markaðsráðandi aðila eftir aðlögunartíma	
Ítalía, Írland, Luxemborg	
<b>Seinkuð gagnkvæmni(2)</b>	
ANO gjöld eru hærri en markaðsráðandi aðila og engin gagnkvæmni tímaset.	
Frakkland (Neuf), Grikkland, Holland, Portúgal og Spán	

ANO er skammtstofun fyrir Another networks operators (Aðilar sem ekki eru markaðsráðandi)


1. Í Svíþjóð var ákvörðun um samræmd lúkningsverð, felld af áfrýjunardómstól

(Heimild: Cullen-International 2007)

Eins og sjá má á ofangreindri töflu er mun algengara að ekki hafi verið mælt fyrir um gagnkvæmni í lúkningargjöldum markaðsráðandi fjarskiptafyrirtækis og viðsemjanda þess.

Til að skýra betur út þann mun sem er á samtengingarverðum á milli markaðsráðandi fyrirtækja og annarra fjarskiptafyrirtækja á markaði er hér að neðan sýndur mismunur á samtengiverðum fyrir 3 mín símtal í nokkrum löndum m.a. á Íslandi.

**Mynd 1: Samanburður á single Transit fyrir 3 mín símtal á dagtaxta**



**(Heimild Cullen-International 2007)**

Eins og þessi tafla sýnir er sá munur sem er á lúkningargjöldum milli Símans og viðsemjanda hans ekki úr takti við það sem gerist í þeim löndum sem borið er saman við.

Í ljósi þess að markaðsgreining hefur ekki farið fram á þeim mörkuðum (8, 9 og 10) sem ákvörðun þessi lýtur að fellur það fyrir utan efni hennar að fjalla frekar um jöfnun samtengingargjalda á milli Símans og viðsemjanda hans. Þegar af þeim ástæðum verður ekki tekin afstaða til áðurgreindrar kröfu Símans um jöfnun samtengiverðs.

#### *Samanburður á samtengiverðum*

Almennt í Evrópu þegar samanburði er beitt til að finna verð fyrir samtengingu er miðað við meðaltal þriggja lægstu, sbr. tilmæli frá framkvæmdastjórn ESB frá janúar 1998 um verðlagningu samtengingar í fastanetinu,<sup>5</sup> sbr. ákvörðun um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 16), dags. 20. júlí 2006 og

<sup>5</sup> "Tilmæli framkvæmdarstjórnarinnar nr. 98/195 frá 8. janúar 1998 um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði (1. hluti-Verðlagning samtengingar). Tilmælunum hefur hins vegar verið breytt með tilmælum nr. 2000/263/EB og tilmælum 2002/175/EB og verðsamanburðurinn felldur úr gildi, þ.e. liðir 4., 4.a, 5. og 9. viðauki



úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 12/2006. Ef tekið er mið af þessari aðferðarfræði verður niðurstaðan eftirfarandi:

**Tafla 6: Yfirlit yfir dag- og kvöldtaxta samkvæmt Símanum**

Lönd	Svæði	Dagtaxti	Lönd	Svæði	KNH taxti
Bretland	Single Tandem	1,4	Bretland	Single Tandem	0,95
Ítalía	Single transit	1,95	Írland	Tandem	1,66
Grikkland	Single Transit	2,28	Ítalía	Single transit	1,93
Þýskaland	Single transit	2,33	Portúgal	Simple transit	2
Írland	Tandem	2,36	Danmörk	IC- Areas(LRIC)	2,01
Svíþjóð	Single tandem	2,42	Þýskaland	Single transit	2,31
Danmörk	IC- Areas(LRIC)	2,44	Spánn	Single tandem	2,35
Portúgal	Simple transit	2,47	Belgía	Extra access are	2,42
Spánn	Single tandem	2,65	Frakkland	Simple Transit	2,43
Frakkland	Simple Transit	2,66	Sviss	National	2,54
Noregur	IC areas	2,76	Svíþjóð	Single tandem	2,64
Belgía	Extra access are	2,97	Austurríki	Single Tandem	2,78
Austurríki	Single Tandem	3,39	Noregur	IC areas	3,03
Sviss	National	3,67	Grikkland	Single Transit	3,13
Finnland	Milli svæða	4	Finnland	Milli svæða	5,92
<b>Meðaltal án Símans</b>		<b>2,65</b>	<b>Meðaltal án Símans</b>		<b>2,54</b>
<b>Meðaltal 3 lægstu skv. Símanum</b>		<b>1,877</b>	<b>Meðaltal 3 lægstu skv. Símanum</b>		<b>1,513</b>
<b>Ísland (núverandi verð)</b>		<b>1,97</b>	<b>Ísland (núverandi verð)</b>		<b>1,81</b>

Núverandi samtengingargjöld Símans 1,97 og 1,81 eru hærri en meðaltal þriggja lægstu ef miðað er við óbreyttar forsendur Símans.

Ef miðað er við þrjú lægstu löndin í þeirri samanburðartöflu sem Síminn gaf upp og tekið meðaltal af þeim er niðurstaðan sú að verð fyrir um þriggja mínútu símtal á dagtaxta yrði 1,877, en núverandi verð er hins vegar 1,97. Verð fyrir um fjöggra mínútu símtal á kvöld-, nætur og helgidagataxta yrði 1,513, en núverandi verð er 1,81.

#### *Leiðréttingar á forsendum Símans*

Póst- og fjarskiptastofnun telur rétt að gera eftirfarandi breytingar á forsendum Símans: *Í fyrsta lagi* á þeirri gengisviðmiðun sem Síminn styðst við en stofnunin telur rétt að miða við meðaltalsgengið 85,18 kr., sbr. umfjöllun hér að neðan. *Í öðru lagi* notar Síminn röng samtengiverð fyrir Noreg og Danmörk miðað við þær forsendur sem fyrirtækið gefur sér um aðgang í gegnum skiptistöðvar (tandem). Að því er varðar Danmörk þá er í samanburðartöflu Símans verð fyrir “Between IC Areas” sem samsvarar double tandem, en réttur samanburður fæst ef notað er verð fyrir “within IC Area”. Rangar forsendur hvað þetta varðar eru einnig gerðar varðandi Noreg. Tafla 7 sýnir þau verð sem Póst- og fjarskiptastofnun styðst við í samanburðinum hér að neðan:

**Tafla 7: Samtengingjöld í Noregi og Danmörku**

Noregur	Upphafsgjald		Mínútuverð	
	Dagtaxti	Kvöldtaxti	Dagtaxti	Kvöldtaxti
Within IC- area (Tandem)	57,58	57,58	40,55	27,68
Between IC – areas (Double Tandem)	78,88	78,88	63,97	49,06

Danmörk	Upphafsgjald		Mínútuverð	
	Dagtaxti	Kvöldtaxti	Dagtaxti	Kvöldtaxti
Within IC- area (Tandem	28,54	28,54	37,82	20,02
Between IC – areas (Double Tandem	0,46	0,46	0,67	0,36

Í þriðja lagi telur Póst- og fjarskiptastofnun rétt að miða við samtengingargjöld í viðmiðunarlöndunum eins og þau voru í júní 2007.

Sá munur sem fram kemur í töflu 8 og 9 hér að neðan skýrist af þeim breytingum sem skýrðar eru út hér að ofan.

Ef miðað er við þrjú lágstu löndin í samanburðartöflunni hér að neðan verður verð fyrir þriggja mínútu símtal á dagtaxta 1,523, en núverandi verð Símans er 1,97.

**Tafla 8: Verð raðað eftir dagtaxta**

Lönd	Dagtaxti
Danmörk	1,397
Bretland	1,403
Noregur	1,768
<b>Meðaltal 3 ódýrustu</b>	<b>1,523</b>
Ítalía	1,846
Írland	1,846
Portúgal	2,105
Grikkland	2,129
Sviss	2,151
Belgía	2,198
Þýskaland	2,204
Svíþjóð	2,243
Spánn	2,504
Frakkland	2,516
Austurríki	3,205
Finnland	5,040

Ísland (núverandi verð)	1,97
Ísland (skv. tilkynningu)	2,26

Svipuð niðurstaða fæst þegar borið er saman meðaltal kostnaðar af símtölum þriggja lágstu landanna á kvöld- nætur- og helgidagataxta. Verð fyrir rúmlega fjögurra mínútu símtal verður að meðaltali 1,141. Núverandi verð Símans fyrir samskonar símtal er hins vegar 1, 81.

**Tafla 9: Verð raðað eftir kvöldtaxta**

Lönd	KND taxti
Bretland	0,951
Danmörk	1,156
Írland	1,316
<b>Meðaltal 3 ódýrustu</b>	<b>1,141</b>
Sviss	1,470
Belgía	1,609
Portúgal	1,688
Ítalía	1,826
Svíþjóð	1,841
Þýskaland	2,186
Spánn	2,223
Frakkland	2,304
Austurríki	2,631
Noregur	2,923
Grikkland	2,927
Finnland	5,905

Ísland (núverandi verð)	1,81
Ísland (skv. tilkynningu)	2,06

*Svæðisskipting*

Hér á landi hefur ekki verið tekið upp það fyrirkomulag að skipta landinu upp í ákveðin svæði þegar kemur að samtengingu. Landið er því allt eitt gjaldsvæði þegar kemur að þeirri samtengingjónustu sem Símanum ber skylda til að veita. Erlendis er að a.m.k. miðað við að boðið sé upp á samtengingu í gegnum staðbundnar stöðvar, skiptistöðvar og stundum á milli skiptistöðva (e. local, single tandem og double tandem). Þessi staðreynd gerir allan samanburð við samtengiverð erlendis erfiðan í framkvæmd. Ef litið er á þær erlendu samanburðartölur sem fylgja með rökstuðningi Símans fyrir hækkun á samtengingargjöldum er eingöngu tekið mið af gjaldskrá í gegnum skiptistöðvar.

Í reglum um viðmiðunartilboð nr. 94/2002, kemur fram í 1. mgr. 5. gr. að í viðmiðunartilboði eigi að vera listi yfir allar símsstöðvar þar sem samtenging stendur til boða, staðbundnar stöðvar, skiptistöðvar (tandem) og útländastöðvar. Samtengingargjöld Símans taka hins vegar til landsins alls óháð því hve langa vegalengd viðkomandi símtal fer í fjarskiptanetinu. Eins og stofnunin benti á í ákvörðun sinni, dags. 25. janúar 2006, sem fjallaði um breytingar á samtengingargjöldum, þyrftu viðskiptavinir Símans að hafa um það val hvort þeir tengjast Símanum um staðbundna stöð, þar sem gjaldskrá fyrir samtengingu yrði væntanlega lægri ef tekið er mið af erlendra framkvæmd.

Í þeim samanburði sem fylgdi með rökstuðningi Símans eru tíunduð verð erlendis sem byggja á verði fyrir lúkningu í gegnum skiptistöðvar (“tandem”). Undantekningarlaust eru verð erlendis fyrir staðbundna samtengingu lægri en þau sem tekin eru fyrir samtengingu í gegnum skiptistöðvar. Óhjákvæmilegt er því að tekið sé tillit til þessa misvægis þegar metnar eru forsendur Símans fyrir þeirri hækkun á samtengingargjöldum sem fyrirtækið hefur boðað. Verður þannig að telja að boðuð hækkun Símans styðjist ekki við fullnægjandi forsendur hvað þetta varðar.

### Gengisviðmiðun Símans

Í minnisblaði Símans er notast við í samanburðinum að gengi evru sé jafnt og 90. Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 16, frá 20. júlí 2006 þar sem stuðst var við samanburðaraðferðarfræði til að finna lúkningarverð í farsíma var miðað við meðaltalsgengi krónunnar gagnvart Evru á síðustu 5 árum. Með hliðsjón af því telur Póst- og fjarskiptastofnun að við ákvörðun samtengingargjalda með samanburðar aðferðarfræði, beri að miða við meðaltalsgengi á sama hátt og þegar lúkningarverð fyrirtækja á farsímamarkaði voru ákveðin. Gengisviðmiðun verður þá eftirfarandi:

**Tafla 10: Sýnir útreikning á gengi**

DAGS	EUR
	MIÐ
2002	86,20
2003	86,72
2004	87,14
2005	78,14
2006	87,72
Meðaltal	85,18

Með öðrum orðum er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að sú gengisviðmiðun sem miðað er við í minnisblaði Símans styðst ekki við viðurkennda aðferð.

### Hækkun á almennu verðlagi

Ein af forsendum Símans fyrir hækkun á samtengingargjöldum er að verðlag á Íslandi hafi hækkað verulega frá því á árinu 1999 en samtengingargjöldin stadið í stað á sama tíma. Meðaltalshækkun vísitölu í þeim löndum sem Síminn notar sem viðmiðun við ákvörðun hins nýja samtengiverðs er eftirfarandi:

**Tafla 11: Uppsöfnuð hækkun neysluvísitölu frá 1999 til 2006**

Lönd	Vísitala (2005=100)		Hækkun
	1999	2006	
Austurríki.....	89,41	101,69	13,7%
Belgía.....	88,31	102,33	15,9%
Bretland.....	92,30	102,30	10,8%
Danmörk.....	88,80	101,80	14,6%
Finnland.....	90,73	101,28	11,6%
Frakkland.....	88,84	101,91	14,7%
Grikkland.....	81,81	103,31	26,3%
Írland.....	80,30	102,70	27,9%
Ítalía.....	86,40	102,20	18,3%
Noregur.....	90,00	102,50	13,9%
Portúgal.....	83,13	103,04	24,0%
Spánn.....	82,59	103,56	25,4%
Sviss.....	...	...	...
Svíþjóð.....	90,51	101,50	12,1%
Þýskaland.....	91,10	101,80	11,7%
<b>Meðaltal.....</b>			<b>17,2%</b>
<b>Ísland.....</b>	<b>81,13</b>	<b>104,65</b>	<b>29,0%</b>

Heimild: Eurostat

Hækkunin samkvæmt Eurostat er að meðaltali 17,2% á þessu tímabili í viðmiðunarlöndum Símans, en sambærileg hækkun hér á landi er 29%. Ef tekið er mið af þróun samtengingargjalda í Evrópu á sama tíma, sbr. taflu 5. og miðað við gjöld fyrir lúkningu gegnum staðbundnar stöðvar frá árinu 1999, hafa gjöldin t.d. lækkað um 53 % í Danmörku þrátt fyrir 14,6% hækkun vísitölu, lækkað um 25 % í Svíþjóð þrátt fyrir 12,1% hækkun vísitölu og um 52 % í Írlandi þrátt fyrir 27,9% hækkun vísitölu. Hér á landi lækkuðu samtengingargjöld Símans um 23 % í lok ársins 2000 en frá þeim tíma hafa þau staðið í stað. Hafa samtengingargjöld Símans því ekki verið að lækka síðustu ár með sama hætti og í þeim löndum sem borið er saman við í töflum 8 og 9.

Póst- og fjarskiptastofnun getur þ.a.l. ekki fallist á það með Símanum að samtengingjöld haldist í hendur við þróun á almennu verðlagi þegar þau eru ákveðin með samanburðaraðferðarfræði. Leiðir því hækkun á almennu verðlagi hér á landi ekki sjálfkrafa til hækkunar á samtengingjöldum Símans.

#### *Heildsölu og smásöluverð*

Þá er einnig rétt að benda á, í tilefni af hækkunarbeiðni Símans, að samkvæmt alþjóðlegum verðsamanburði á árlegum kostnaði fyrir meðalnotkun heimilissíma, kemur fram að á Íslandi er kostnaður vegna heimilissíma lægstur hér á landi ef tekið er mið af löndum Evrópubandalagsins. Af því leiðir að samtengiverð á Íslandi ættu einnig að vera á meðal þeirra lægstu í Evrópu. Hækkun samtengingargjalda Símans myndi því leiða til þess að skapast geti “Price squeeze” á milli samtengiverða og þeirra smásöluverða sem Síminn býður upp á og samkeppnisaðilar þurfa að keppa við.

#### *Afkoma af rekstri talsímanetsins*

Þá hefur Síminn vísað til þess í bréfi frá 19. júlí s.l. að hagnaður af þjónustunni hafi minnkað mikið þar sem tekjur lækka hraðar en kostnaður við rekstur og afskriftir kerfisins.

Þegar samtengingargjöld eru ákveðin út frá kostnaðargreiningu getur verið rétt að líta til upplýsinga um afkomu rekstursins. Hins vegar er samanburðaraðferðarfræði lögð til grundvallar við ákvörðun samtengingargjalda í ákvörðun þessari. Sú nálgun styðst jafnframt við réttmætar væntingar Símans, sbr. bréf fyrirtækisins 19. júlí s.l. Er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að þegar stuðst er við samanburðaraðferðarfræði sé ekki hægt að líta til upplýsinga um rekstrarafkomu.

## **4.5 Niðurstaða**

Það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þau gögn sem Síminn byggir hækkun samtengingargjalda á sýni ekki með óyggjandi hætti nauðsyn þess að samtengingarverð fyrirtækisins hækki um þau 23% sem tilkynning Símans frá 27. apríl s.l. tilgreinir ef nota á samanburðaraðferðarfræði (benchmark) og ákvarða út frá þeim samanburði samtengiverðskrá Símans. Sá samanburður sem fylgdi með tilkynningu Símans er t.d. ekki í samræmi við tilmæli framkvæmdarstjórnarinnar nr. 98/195 frá 8. janúar 1998 um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði, né þá aðferðarfræði sem notuð var við ákvörðun lúkningargjalda á farsímamarkaði, sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 20. júlí 2006, sbr. ákvörðun úrskurðarnefndar nr. 12/2006. Þá verður heldur ekki séð að atriði eins og hækkun á

almennu verðlagi og sú gengisviðmiðun sem vísað er til í erindinu renni stoðum undir nauðsyn þess að gerð sé breyting á núverandi samtengingargjöldum.

*Verðbreytingum í viðauka 1a, “verðskrá fyrir samtengiþjónustu Símans”. í greinum 2.1., 2.3., 2.6, 2.10. og 4.1. hækkun á dagtaxta úr 0,44 kr. í 0,54 kr. og úr 0,26 kr. í 0,32 kr. á kvöld-, nætur og helgertaxta er því hafnað.*

## 5.0 Önnur atriði

Í þeim athugasemdum sem bárust við nágildandi viðmiðunartilboð var einnig vakin athygli á að inn í viðmiðunartilboðið vantaði alla verkferla við flutning viðskiptavina á milli fjarskiptafyrirtækja.

Póst- og fjarskiptastofnun tekur undir sjónarmið um nauðsyn þess að kveðið sé á um með skýrum hætti hvernig flutningur viðskiptavina á milli fjarskiptafyrirtækja fari fram. Hagsmunir þeirra fyrirtækja sem starfa á fjarskiptamarkaði hér á landi fara hér saman og síðast og ekki síst eru það hagsmunir notenda að þjónustuflutningur geti gengið snurðulaust fyrir sig. Á þessu stigi hefur stofnunin þó enga skoðun á því hvort rétt sé að setja slíka ferla inn í viðmiðunartilboð Símans eða ekki eða í sérstökum þjónustusamningi á milli fjarskiptafyrirtækja. Það sem kemur m.a. til álita er að skoða pöntunarferla, afhendingartíma, afgreiðslufresti, verkferla við móttöku pantana, tilkynningar til fjarskiptafyrirtækja, gjöld fyrir flutning viðskiptavina á milli fjarskiptafyrirtækja og annað sem skiptir máli þannig að tilfærsla notenda á milli fjarskiptafyrirtækja geti gengið sem greiðlegast fyrir sig. Með 4. gr. laga nr. 39./2007 var sett ný mgr. á eftir 1. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga þar sem m.a. var kveðið á um að ákveði áskrifandi að færa viðskipti sín til annars fjarskiptafyrirtækis skal vera tryggt að þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig og kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun geti sett nánari reglur um þjónustuflutning. Póst- og fjarskiptastofnun mun í samræmi við þessa breytingu á fjarskiptalögum stofna vinnuhóp í byrjun september með þátttöku þeirra fjarskiptafyrirtækja sem hafa hagsmuna að gæta og fara yfir núverandi framkvæmd á þjónustuflutningi, s.s. númeraflutningi, flutningur í fast forval. Í framhaldi af vinnu vinnuhópsins munu verða settar reglur um það hvernig standa skal að þjónustuflutningi á milli fyrirtækja..

### *Ákvörðunarorð*

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir að viðmiðunartilboð Símans hf. kt. 500269-6779, um samtengingu talsímaneta, útgáfa merkt 3.4., taki gildi frá og með 1. ágúst 2007, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í viðauka við ákvörðun þessa.

Hækkun á samtengiverðum, samkvæmt viðauka 1a “verðskrá fyrir samtengiþjónustu Símans” (sbr. greinar 2.1., 2.3., 2.6, 2.10. og 4.1.), úr 0,44 kr. í 0,54 kr. á dagtaxta og úr 0,26 kr. í 0,32 kr. á kvöld-, nætur og helgertaxta er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd

innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

*Reykjavík, 25. júlí 2007*

---

Björn Geirsson f.h. forstjóra

---

Friðrik Pétursson